



Útbreiðsla hæruburstar, *Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid., á Íslandi – lokaskýrsla

Pawel Wasowicz og Olga Kolbrún Vilmundardóttir

Styrkt af Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar



Útbreiðsla hæruburstar, *Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid., á Íslandi – lokaskýrsla

Pawel Wasowicz og Olga Kolbrún Vilmundardóttir

Styrkt af Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar

Forsíðumynd. Hæruburst, Campylopus introflexus, á Jarðbaðshólum. Ljósmynd. Pawel Wasowicz, 25. júlí 2024.

ISSN 1670-0120



Náttúrufræðistofnun

	Náttúrufræðistofnun Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri	Sími 430 9000 natt.is natt@natt.is	Skýrsla nr. NÁTT-24001
			Dags/mán/ár. Desember 2024
			Dreifing Opin
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Útbreiðsla hæruburstar, <i>Campylopus introflexus</i> (Hedw.) Brid., á Íslandi – lokaskýrsla			Fjöldi síðna 111 + viðauki
			Kort / Mælikvarði
Höfundar Pawel Wasowicz og Olga Kolbrún Vilmundardóttir			Verknúmer 2868
			Málsnúmer 202402-0073
Unnið fyrir Styrkt af Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar			
Samvinnuaðilar			
Útdráttur Árin 2023 og 2024 hlaut Náttúrufræðistofnun Íslands styrk úr Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar til að kortleggja útbreiðslu hæruburstar, <i>Campylopus introflexus</i> (Hedw.) Brid. Hæruburst er framandi mosategund sem verðskuldar athygli hér á landi vegna þess hve ágeng hún er í öðrum löndum Evrópu. Takmarkaðar upplýsingar eru til um hæruburst á Íslandi. Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu plantna voru færri en tíu skráningar á hæruburst og byggja þær á afmörkuðum rannsóknum á mosum og gróðurfari háhitasvæða. Brýnt er að kanna útbreiðslu hæruburstar og áhrif hennar á innlendan gróður á jarðhitasvæðum en of litlar upplýsingar eru fyrir hendi til að hægt sé að draga ályktanir um ágengni hennar. Sumrin 2023 og 2024 voru sextán háhitasvæði heimsótt og útbreiðsla hæruburstar könnuð og kortlögð á þeim. Á hverjum stað var útbreiðsla mosans rannsökuð ítarlega og allir útbreiðslustaðir hans staðsettir með GPS-tækjum. Jarðvegshiti var mældur á vaxtarstöðum tegundarinnar sem og á stöðum þar sem tegundin var ekki til staðar. Tegundin fannst á 12 af 16 svæðum: á Þeistareykjum, í Gjástykki, á Kröflusvæðinu, við Námafjall, á Hveravöllum, við Geysi, á Torfajökulssvæðinu, Hengilssvæðinu, í Brennisteinsfjölum, Krýsuvík, Svartsengi-Eldvörpum og á Reykjanesi. Rannsóknirnar sýndu að hæruburst er orðin mjög útbreidd á mörgum svæðanna og á sumum þeirra fundust þéttar breiður sem þöktu stór, samfelld svæði. Tegundin óx einkum í landi með lága jarðvatnsstöðu (í hveraleirsvist og móahveravist), við fremur háan jarðvegshita og helst þar sem rakastig er hátt vegna gufuútstreymis úr jörðu. Framleiðsla gróliða og gróa var yfirleitt greinileg og útbreidd á þeim svæðum sem voru til skoðunar. Víða sýndu þéttar hæruburstarbreiður tilhneigingu til sundrunar. Í því ferli losna brot af þykkum mosa frá upprunalegu mosabreiðunni og geta þau borist með vindi, dýrum og jafnvel mönnum á nýja staði. Líkur eru á að búfé, einkanlega sauðfé, geti verið mikilvæg dreifingarleið tegundarinnar. Þessir eiginleikar tegundarinnar gera það að verkum að hún er líkleg til að geta fært sér í nyt breytingar á jarðhitasvæðum sem skapa opnur í gróðurþekju, hvort sem þær eru af völdum náttúrulegra breytinga á jarðhitavirkni eða jarðhitaborana, vegna annarra framkvæmda eða vegna traðks af völdum ferðamanna og búfjár. Rannsóknirnar eru fyrsta skrefið í átt að ítarlegum rannsóknum á vistfræði tegundarinnar, vöktun á framvindu og áhrifum hennar á líffræðilegan fjölbreytileika jarðhitasvæða.			
Lykilorð Hæruburst, ágeng tegund, útbreiðsla, háhitasvæði, jarðhitasvæði, líffræðilegur fjölbreytileiki			Yfirlit MH





EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	7
2 AÐFERÐIR	8
2.1 Tegundin	8
2.2 Rannsóknir á vettvangi	10
3 NIÐURSTÖÐUR	12
3.1 Öxarfjörður	12
3.2 Þeistareykir	15
3.3 Gjástykki	17
3.4 Kröflusvæði	19
3.4.1 Leirhjúkur	19
3.4.2 Krafla	21
3.5 Námafjall	23
3.5.1 Hverarönd-Námafjall	23
3.5.2 Bjarnarflag	25
3.5.3 Jarðbaðshólar	28
3.6 Askja	31
3.7 Vonarskarð	33
3.8 Torfajökull	35
3.8.1 Landmannalaugar	35
3.8.2 Reykjadalir	38
3.8.3 Stórhver	40
3.8.4 Hrafninnusker – Jökultungur	43
3.9 Kerlingarfjöll	46
3.10 Hveravellir	48
3.11 Geysir	50
3.12 Hengill	52
3.12.1 Hveragerði	52
3.12.2 Sauðárdalur	54
3.12.3 Grændalur	57
3.12.4 Reykjadalur	60
3.12.5 Ölkelduháls–Lakaskörð	62
3.12.6 Nesjavellir	64
3.12.7 Innstidalur	66
3.12.8 Miðdalur–Fremstidalur	68
3.12.9 Sleggjubeinsdalur	71
3.12.10 Hveradalir	73
3.12.11 Hverahlíð	75
3.13 Brennisteinsfjöll	78
3.14 Krýsuvík	81
3.14.1 Trölladyngja	81
3.14.2 Hverahlíð	84
3.14.3 Austurengjar	86



3.14.4 Seltún	89
3.14.5 Krýsuvík	91
3.15 Svartsengi–Eldvörp	94
3.15.1 Svartsengi	94
3.15.2 Eldvörp	97
3.16 Reykjanes	100
3.17 Dreifingarmynstur hæruburstar eftir hæð yfir sjávarmáli og jarðvegshita	103
4 UMRÆÐUR	104
5 ÞAKKIR	106
6 HEIMILDIR	106
7 VIÐAUKAR	111
1. viðauki. Listi yfir rannsóknarpunkta og grunnupplýsingar	111



1 INNGANGUR

Ágengar framandi tegundir eru lifandi lífverur sem menn flytja, meðvitað eða óafvitandi, inn á staði utan náttúrulegs útbreiðsluvæðis þeirra, þar sem þær festa sig í sessi, dreifast út og hafa neikvæð áhrif á staðbundin vistkerfi og tegundir (IPBES 2018). Ágengar tegundir æðplantna og dýra eru meðal helstu þátta sem stuðla að tapi líffræðilegs fjölbreytileika á heimsvísu (Sala o.fl. 2000, Pereira o.fl. 2012, Maxwell o.fl. 2016). Í nýjustu skýrslu IPBES (The Intergovernmental Science-Policy Platform on Biodiversity and Ecosystem Services) kemur fram að ágengar framandi tegundir eru mikil ógn við náttúruna, þjónustu vistkerfa og lífsgæði fólks (IPBES 2023). Ágengar framandi tegundir plantna og dýra hafa, einar og sér eða samhliða öðrum þáttum, valdið 60% af skráðum útdauða tegunda. Einna alvarlegustu áhrif ágengra framandi tegunda er líffræðileg einsleitni (e. biotic homogenisation), þar sem líffræðileg samfélög um allan heim verða líkari, sem hefur afleiðingar á uppbyggingu og virkni vistkerfa. Eyjar eru taldar sérstaklega viðkvæmar fyrir áhrifum ágengra framandi tegunda, einkum vegna þess hve erfitt er að koma í veg fyrir innflutning framandi tegunda. Þetta á sérstaklega við þar sem hnattvæðingin, þar á meðal fjöldaferðamennska, er orðin mikilvægur hluti af efnahagslífi eyja (IPBES 2023). Sýnt hefur verið fram á að framandi tegundir hafa skaðlegust áhrif á eyjum, sem meðal annars felast í útrýmingu margra innlendra og einlendra tegunda (Bellard o.fl. 2016, Pyšek o.fl. 2017). Reyndar eru ágengar framandi tegundir æðplantna og dýra flokkaðar sem meginorsök taps á líffræðilegri fjölbreytni á eyjum (Bellard o.fl. 2016, Russell o.fl. 2017). Á Íslandi, sem og um allan heim, eru mörg svæði viðkvæm fyrir neikvæðum áhrifum ágengra framandi tegunda þrátt fyrir að vera vernduð eða afskekkt (IPBES 2023).

Samanborið við æðplöntur og dýr er þekking á ágengum mosategundum mjög takmörkuð (Essl 2014). Þetta varðar alla þætti líffræði ágengra mosa, þar með talið útbreiðslu, útbreiðslumáta/útbreiðsluleiðir, vistfræði og áhrif þeirra á innlend vistkerfi (Essl 2014). Hæruburst, *Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid., er ágeng mosategund (Hasse 2009) sem verðskuldar athygli hér á landi vegna þess hve ágeng hún er í öðrum löndum Evrópu (Richards 1963, Essl o.fl. 2014, Equiha og Usher 1993, Biermann og Daniels 1997, Hassel og Söderström 2005, Klinck 2009, Mikulášková o.fl. 2012, Schirmel 2011, Schirmel o.fl. 2011, Stieperaere og Jacque 1995, Vogels o.fl. 2005, Zarnowiec o.fl. 2019). Eins og aðrar frumherjategundir er hæruburst fljót að mynda þetta þekju á opnu undirlagi. Í rannsóknunum í Hollandi kom í ljós að hæruburst hindrar vöxt annarra tegunda á sandhólum (Biermann og Daniëls 1997) og á sandhólum við suðurströnd Eystrasalts breytti hún tegundasamsetningu innlendra bjalla og köngulóa (Schirmel o.fl. 2011). Fyrsta áratuginn eftir að tegundin fannst í Póllandi (Zarnowiec o.fl. 2019) kom hæruburst oft fram í fururækt, *Pinus sylvestris*, og í þurrum móum (Calluno-Genistetum) en sjaldnar í náttúrulegu skóglendi (aðallega í *P. sylvestris*-skógum). Nú 30 árum frá því tegundin fannst fyrst er hæruburst skráð í 34 plöntusamfélögum sem tilheyra 18 vistgerðum (Zarnowiec o.fl. 2019). Van Turnhout (2005) taldi að hæruburst gæti hafa stuðlað að staðbundinni útrýmingu fuglategundarinnar sandtittlings, *Anthus campestris*, í Hollandi sem hann tengdi við fækkun liðdýra og þar með minna fæðuframboð.

Takmarkaðar upplýsingar voru til um hæruburst á Íslandi. Bergþór Jóhannsson (1991) mosafræðingur lýsti tegundinni fyrst í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar en tegundin fannst fyrst hér á landi árið 1983 í Mývatnssveit. Þar vakti hann jafnframt athygli á því að tegundin gæti reynst ágeng og byggðist sú ályktun á fundarstöðum tegundarinnar hérlandis, þ.e. við göngustíga á jarðhitasvæðum sem



ferðamenn sækja heim, og reynslu frá öðrum löndum. Tegundin er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1996 en þar var hún metin sem tegund í yfirvofandi hættu (VU). Síðar lýsti Bergþór ágengum tilburðum hæruburstar í öðru fjölriti (Bergþór Jóhannsson 2003) og þar lagði hann til að tegundin yrði tekin af valista. Valisti mosa hefur þó ekki verið uppfærður um árabíl en hins vegar er hæruburst ein fárra tegunda sem formlega hefur verið skilgreind sem ágeng tegund hér á landi (Náttúrufræðistofnun Íslands, NOBANIS 2014). Innan við tíu skráningar á hæruburst voru í plöntuútbreiðslugagnagrunni Náttúrufræðistofnunar en þær eru úr afmörkuðum rannsóknum á mosum og gróðurfari háhitasvæða (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003, Bergþór Jóhannsson 2003, Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009). Allar skráningarnar benda eindregið til þess að hérlandis hafi mosinn fyrst og fremst áhrif á jarðhitasvæðum. Verndargildi jarðhitavistkerfa er mjög hátt (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) bæði vegna fágætis innanlands og á heimsvísu (takmörkuð útbreiðsla og lítil svæði) en einnig vegna þess að jarðhiti skapar sérstæð skilyrði fyrir plöntur. Þar þrífast m.a. tegundir sem þola hátt hitastig, tegundir finnast utan síns hefðbundna útbreiðslusvæðis, einlendar tegundir eða sérstakar undirtegundir (Beadel o.fl. 2018, Burns o.fl. 2013, Molino o.fl. 2019). Fjórar jarðhitavistgerðir hafa verið skilgreindar hér á landi en þær eru hveraleirsvist, sem er almennt strjálgróið land undir áhrifum jarðhita, móahveravist, mýrahveravist og fjallahveravist, sem allar eru nokkuð vel grónar og endurspeglar annars vegar jarðraka og hins vegar hæð yfir sjávarmáli (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Brýnt er að kanna áhrif hæruburstar á innlendan gróður á jarðhitasvæðum en hins vegar eru of litlar upplýsingar fyrir hendi um útbreiðslu tegundarinnar til að hægt sé að draga einhverjar ályktanir um ágengni hennar. Árin 2023 og 2024 hlaut Náttúrufræðistofnun Íslands styrk úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar til að hefja rannsóknir á hæruburst. Hér eru kynntar niðurstöður þessara rannsókna á útbreiðslu og vistfræði tegundarinnar á Íslandi.

Markmið rannsóknarinnar voru að:

1. Safna ítarlegum upplýsingum um útbreiðslu tegundarinnar á jarðhitasvæðum.
2. Safna ítarlegum upplýsingum um vistfræði tegundarinnar, þar á meðal gögn um jarðvegshita og tegund æxlunar (kynæxlun og grómyndun eða kynlaus æxlun).

2 AÐFERÐIR


2.1 Tegundin

Hæruburst, *Campylopus introflexus* (Hedw.) Brid. (Leucobryaceae, Bryophyta) (1. mynd), er fjölær mosi með upprétta stöngla sem myndar þéttar, ljósgrænar til ólífugrænar, sjaldnar dökkgrænar breiður eða toppa 0,5–7,0 cm á hæð. Þegar mosinn er þurr er hann gráhvítur. Blöð eru 2,5–6,0 mm löng með hvítan hárodd sem getur verið allt að 3 mm á lengd og stendur þvert út frá stöngli. Sjaldan, eða hjá plöntum sem vaxa í skugga, er hároddur stuttur eða næstum ekki sýnilegur. Hæruburst fjölgar sér mjög oft á kynlausan hátt með blöðum og viðkvæmum stöngulendum sem auðveldar útbreiðslu hans yfir stuttar vegalengdir. Þetta er einkynja planta með karl- og kvenkynhirslur á aðskildum kynliðum. Stundum er hæruburst með nokkra seta. Seti er gulbrúnn til fólbrúnn, 5–15 mm langur





1. mynd. Hæruburst, *Campylopus introflexus*. Ljósmynd. Pawel Wasowicz, 8. september 2023.



1. kort. Heimsútbreiðsla hæruburstar, *C. introflexus* (GBIF 2023). Svartir punktar tákna náttúrulega útbreiðslu, rauðir punktar tákna svæði þar sem tegundin er aðflutt.


og boginn. Baukur er brúnn, örlítið ósamhverfur og boginn. Gró eru ljósbrún og lítil eða 10–14 μm að þvermáli (Ágúst H. Bjarnason 2018).

Hæruburst er ein af ágengustu mosategundum sem vitað er um til þessa (Hassel og Söderström 2005, Hasse 2007, Essl o.fl. 2014, Zarnowiec o.fl. 2019). Tegundin á uppruna sinn á suðurhveli jarðar: í Suður-Ameríku, Suður-Afríku, Ástralíu og á Suðurskautssvæðinu (Gradstein og Sipman 1978, Hasse 2007) en hefur borist víða á norðurhveli (1. kort). Á köldum svæðum á suðurhveli jarðar

er tegundin bundin við jarðhitasvæði, s.s. á Suðurskautssvæðinu á Bellingshausen Island, South Sandwich Islands og Deception Island (Convey og Smith 2006, Corner og Convey 2019). Hæruburst hefur verið skráð á jarðhitasvæðum í Bretlandi, þ.e. miðsvæðis í Skotlandi og West Calder (Corner og Convey 2019) og á Ítalíu (Chiarucci o.fl. 2008). Á Norðurlöndum hefur hæruburst fundist víða í Danmörku og einnig í suðurhluta Noregs og Svíþjóðar og þá helst meðfram ströndum (GBIF 2023).

2.2 Rannsóknir á vettvangi

Þar sem háhitasvæði eru líklegust til að búa yfir hagstæðum umhverfisskilyrðum fyrir hæruburst voru öll helstu háhitasvæði á Íslandi höfð undir til rannsókna á útbreiðslu tegundarinnar. Á Íslandi eru a.m.k. 18 háhitasvæði (2. kort) og tengjast þau eldstöðvakerfum og liggja á eldvirka beltinu (Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009). Háhitasvæði voru afmörkuð fyrir 2. áfanga rammaáætlunar og byggði sú vinna á útbreiðslu jarðhita samkvæmt viðnámsmælingum, þar sem þau gögn lágu fyrir, en einnig út frá ummerkjum á yfirborði þar sem viðnámsmælingar voru ekki nægilegar (Knútur Árnason og Ragna Karlsdóttir 2006). Þessar afmarkanir og nafngiftir svæða eru hér notaðar sem grunnur að umfjöllun um rannsóknir á hæruburst á háhitasvæðum (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009). Auk þess er fjallað er um jarðhitasvæðið í Öxarfirði sem áhöld eru um hvort teljist til háhitasvæða og var ekki tekið fyrir í rannsóknum fyrir 2. áfanga rammaáætlunar (1. tafla). Fyrir stærri háhitasvæði er umfjöllun til hægðarauka skipt í



2. kort. Háhitavæði á Íslandi sem voru til rannsókna sumrin 2023 og 2024. Öxarfjörður telst vera mjög heitt lághitasvæði.

1. tafla. Helstu háhitasvæði á Íslandi sem komu til greina til rannsókna á útbreiðslu hæruburstar, *Campylopus introflexus*. Undirsvæði vísa í rannsóknarsvæði í verkefninu. Skýringar: * Flokkast ekki sem háhitasvæði. Svæði sem voru könnuð í verkefninu eru auðkennd með rauðu lettri.

Kafli	Háhitasvæði Undirsvæði	Athugasemdir
3.1	Öxarfjörður *	
3.2	Þeistareykir	
3.3	Gjástykk	
3.4	Kröflusvæði	
3.4.1	Leirhnjúkur	
3.4.2	Krafla	
3.5	Námafjall	
3.5.1	Hverarönd – Námafjall	
3.5.2	Bjarnarflag	
3.5.3	Jarðbaðshólar	
	Fremrinámar	Ekki kannað 2023–2024
3.6	Askja	Bátshraun-Víti
	Kverkfjöll	Ekki kannað 2023–2024
3.7	Vonarskarð	Snapadalur-Hlíðar
	Köldukvíslarbotnar	Ekki kannað 2023–2024
3.8	Torfajökull	
3.8.1	Landmannalaugar	
3.8.2	Reykjadalir	
3.8.3	Stórhver	
3.8.4	Hrafninnusker-Jökultungur	
3.9	Kerlingarfjöll	Hveradalir
3.10	Hveravellir	
3.11	Geysir	
3.12	Hengill	
3.12.1	Hveragerði	
3.12.2	Sauðárdalur	
3.12.3	Grændalur	
3.12.4	Reykjadalur	
3.12.5	Ölkelduháls-Lakaskörð	
3.12.6	Nesjavellir	
3.12.7	Innstidalur	
3.12.8	Miðdalur-Fremstidalur	
3.12.9	Sleggjubeinsdalur	
3.12.10	Hveradalir	
3.12.11	Hverahlíð	
3.13	Brennisteinsfjöll	
3.14	Krýsuvík	
3.14.1	Trölladyngja	
3.14.2	Hverahlíð	
3.14.3	Austurengjar	
3.14.4	Seltún	
3.14.5	Krýsuvík	
3.15	Svartsengi-Eldvörp	
3.15.1	Svartsengi	
3.15.2	Eldvörp	
3.16	Reykjanes	



undirsvæði og byggir skiptingin á umhverfispáttum, s.s. jarðgrunni og landslagi. Vegna fjölda og umfangs svæða var þeim forgangsraðað fyrir þennan áfanga verkefnisins og áhersla lögð á aðgengileg svæði sem t.a.m. eru viðkomustaðir ferðamanna.

Við undirbúning vettvangsvinnu var leitað upplýsinga um háhitasvæðin í vísindaritum og skýrslum (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1993, Lúðvík S. Georgsson o.fl. 2000, Helgi Torfason 2003, Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009, Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson 2003, Hörður Kristinsson og Ólafur K. Nielsen 1998, Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009, Atli Steinn Sveinbjörnsson 2010), opinberum landupplýsingum (Helgi Torfason 2003, Orkustofnun) og færslum úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar. Þá voru loftmyndir og önnur kortgögn skoðuð ítarlega fyrir hvert rannsóknasvæði til að staðsetja yfirborðsummerki jarðhitavirkni, því þar væri líklegast að finna mosategundina. Einkum var horft eftir ummerkjum á borð við ummyndun á yfirborði, hverri, heita jörð og einkennum gróðurs sem bentu til jarðhitavirkni. Á vettvangi var svo leitað vandlega á hverju svæði til að staðsetja bletti með útbreiðslu hæruburstar. Hver staðsetning tegundarinnar var skráð með GPS-punkti. Notuð voru Garmin GPSmap62s, Garmin GPSmap86i og Garmin GPSmap 66sr staðsetningartæki með 4 m skekkju að meðaltali til að staðsetja fundarstaði. Þegar um var að ræða stærri svæði þar sem mosinn hefur náð fótfestu voru margir punktar teknir á jaðri svæðisins.

Jarðvegshiti var mældur á vaxtarstöðum tegundarinnar sem og á stöðum þar sem tegundin var ekki til staðar. Jarðvegshiti var mældur á 10 cm dýpi með hitamælum af gerðinni Hanna HI 935002 með HI-766C H-type thermocouple penetration probe hitanema og einfaldari hitamæli af gerðinni Digital Thermometer. Mælingar voru með 0,1 °C upplausn.

Landupplýsingagögn voru unnin og greind í QGIS (QGIS Development Team 2023). Upplýsingar um hæð yfir sjávarmáli voru fengnar úr ArcticDEM v3.0 hæðarlíkani (Porter o.fl. 2018.) Öll gagnagreining og gerð línurita fór fram í tölfraeðiforritinu R (R Core Team 2023).

3 NIÐURSTÖÐUR

Lýsingar á jarðfræði rannsóknarsvæða eru að miklu leyti fengnar úr skrifum Kristjáns Jónassonar og Sigmundar Einarssonar (2009) um jarðminjar á háhitasvæðum Íslands.

3.1 Öxarfjörður

Jarðhiti í Öxarfirði er ekki útbreiddur en samkvæmt kortasjá Orkustofnunar er jarðhita að finna á ellefu stöðum (Orkustofnun). Jarðhitinn er tengdur sprungubeltum sem liggja í gegnum fjörðinn. Mestur er jarðhitinn á Kröflusprungubelti og Þeistareykjasprungubelti en hiti finnst einnig á Fremrinámasprungubeltinu. Jarðhitavirkni er mismikil en mestu virknina / hæsta hitastigið er að finna í Kröflusprungubeltinu (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1993, 2000). Erfitt er að flokka jarðhitasvæði í Öxarfirði í lág- eða háhitasvæði en ef það er flokkað sem lághitasvæði þá væri það með heitari lághitasvæðum (Lúðvík S. Georgsson o.fl. 1993). Engar fyrri heimildir eru til um hæruburst á






2. mynd. Borhola í fjöru í Skógarlóni. Ljós. Pawel Wasowicz, 8. september 2023.



3. mynd. Heit mýri í Skógarlóni. Ljós. Pawel Wasowicz, 8. september 2023.

Þessu svæði. Möguleg útbreiðsla hæruburstar var könnuð við jarðhita í Skógarlóni og nágrenni (Kröflusprungubelti) og vestanvert í Kelduhverfi (Þeistareykjasprungubelti) (3. kort).

Í Skógarlóni og nágrenni (Kröflusprungubelti) er að finna jarðhita sem kemur upp við strandlón í fjöruborðinu (2. mynd) og einnig er heit jörð í kring um borholur. Á svæðinu voru vistgerðir sem flokka má sem mýrahveravist og er gróskumikið mýrlendi á flötu landi (3. mynd). Í mýrlendinu mældist



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

3. kort. Rannsóknarsvæðin í Öxarfirði sem skoðuð voru með tilliti til útbreiðslu hæruburstar (sumrin 2023 of 2024).

hitastig jarðvegs 52,2 °C. Í fjöruborðinu var hitastig jarðvegs 53,8 °C en engar æðplöntur eða mosar voru skráðar á þessu svæði. Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir mikla leit. Jarðhitasvæði sem nefnist Skógakíll og er staðsett norðan Skóga fannst ekki og var því ekki skoðað.

Talsvert er um litlar heitar lindir og heitan jarðveg í Bakkalandi. Allstórt hitasvæði er í gömlum árfarvegi við svokallaða kartöflugarða. Engar jarðhitavistgerðir fundust á svæðinu og hitastig jarðvegs var ekki hátt (hámark um 25 °C á 10 cm dýpi). Hæruburst fannst ekki á svæðinu.

Í fjörunni vestanvert í Kelduhverfi er jarðhiti en þar kemur heitt vatn upp rétt við misgengi og í kring um borholu austur af Auðbjargarstöðum. Jarðvegur var ekki heitur á þessu svæði og engin merki um jarðhitavistgerðir. Hæruburst fannst ekki. Heildarflatarmál svæðisins sem skoðað var í Öxarfirði er um 55 ha (3. kort).

3.2 Þeistareykir


Jarðhitasvæðið er syðst á Reykjaheiði, milli Lambafjalla í vestri og Þeistareykjabungu í austri. Svæðið er að stórum hluta á flatlendi í um 300 m hæð. Yfirborðshiti nær þó upp í 530 m hæð í Bæjarfjalli og tæplega 500 m hæð í Ketilfjalli. Svæðið næst heitum svæðum er að mestu þakið nútímahrauni. Gera má ráð fyrir að virkasti hluti jarðhitasvæðisins á Þeistareykjum sé staðsettur í kringum norðanvert Bæjarfjall. Vestan við Þeistareyki er 1,5 km langt ógróið hverasvæði sem nefnist Hitur. Þetta er stórt, samfellt og lítið raskað jarðhitasvæði með fjölmörum leirhverum og nokkrum fundarstöðum sjaldgæfra jarðhitaplantna. Yfirborðsummerki jarðhita á Þeistareykjum eru dæmigerð fyrir háhitasvæði. Þar má finna bullandi leirhveru, gufuaugu, brennisteinspúfur, ummyndun, heita jörð og vatnshveri. Á svæðinu er töluvert rask, aðallega vegna innviða sem fylgja jarðvarmavirkjuninni, s.s. borholur og borplön, lagnir og vegir, en virkjunin var gangsett 17. nóvember 2017. Á svæðinu er líka sæluhús og hefur jarðhiti verið nýttur þar til húshitunar. Þá er að finna aðstöðu fyrir hesta og bílastæði. Við jarðhita er sumstaðar mikið traðk eftir sauðfé en einnig eftir fólk því nokkur ferðamannaumferð er um svæðið. Hæruburst hefur áður fundist á einum stað á þessu svæði árið 2021 (Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, munnlegar upplýsingar, 30.8.2021).

Sumrin 2023 og 2024 voru gerðar athuganir á stóru svæði (u.þ.b. 1.325 ha) (4. kort). Við skoðun svæðisins fundust aðallega tvær jarðhitavistgerðir, móahveravist og hveraleirsvist. Litla bletti af mýrahveravist mátti jafnframt finna meðfram heitum afrennislækjum. Hæruburst fannst á þremur stöðum, norðan við Bæjarfjall, á svæði vestan Ketilfjalls og meðfram sprungu austan Bæjarfjalls (Hitur). Tegundin fannst á mörkum vistgerða þar sem strjálgróið, ummyndað yfirborð mætir vel grónu landi með þéttari mosapekju og örfáum tegundum æðplantna (4. mynd). Jarðvegurinn var



4. mynd. Vaxtarstaður hæruburstar á Þeistareykjum norðan við Bæjarfjall. Ljós. Pawel Wasowicz, 6. september 2023.

heitur og á öllum stöðum var loftraki mikill vegna gufuútstreymis úr jarðvegi. Þrátt fyrir mikla leit fannst hæruburst ekki víðar og tegundinn virðist því ekki vera útbreidd á athugunarsvæðinu og er heildarþekja hennar í mesta lagi um 10 m². Grómyndun var staðfest á tveimur fundarstöðum. Jarðvegshiti var mældur á 54 stöðum og mældist á bilinu 5–89,7 °C (34,4 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti 36,6 °C og 69,9 °C (49,0 °C að meðaltali).



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ♦ Til staðar ◆ Ekki til staðar

4. kort. Rannsóknarsvæðið á Þeistareykjum og útbreiðsla hæruburstar.


3.3 Gjástykki

Svæðið frá Leirhnjúk norður um Gjástykki í Kelduhverfi er einstætt bæði á landsvísu og á heimsvísu einkum vegna jarðminja. Einkennandi eru nýleg og lítt gróin hraun sem runnu eftir landnám, m.a. í Mývatnseldum 1724–1729 og Kröflueldum 1975–1984. Jarðhitasvæðinu í Gjástykki hefur lítið verið raskað, vegur liggur þó þvert yfir hraunbreiðuna og borhola er þar við en Gjástykki var friðlýst fyrir orkuvinnslu árið 2020 (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2020a). Jarðhiti finnst einkum á tveimur svæðum í grennd við Éthóla. Kemur hann aðallega fram í formi ylvolgs jarðvegs (á óbrennishólmum) eða gufuútspreymis í hrauni þar sem mosategundir ráða ríkjum í gróðri. Í vesturjaðri hraunsins má svo finna litla bletti af heitum jarðvegi þar sem móahveravist er ríkjandi. Hæruburst fannst á báðum þessum svæðum í úttekt á lífríki háhitasvæða árið 2007 (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009).

Sumrin 2023 og 2024 var farið um jarðhitasvæðin við Éthóla og þau skoðuð með tilliti til útbreiðslu hæruburstar (5. kort). Sérstök áhersla var lögð á staðina þar sem tegundin fannst árið 2007. Tegundin fannst á tveimur stöðum í austurhluta Éthóla á óbrennishólmum (5. mynd), á svæði sem flokka má sem móahveravist. Hæruburst óx þar á frekar stóru svæði á ylvolgum jarðvegi (u.þ.b. 100 m²). Grómyndun var staðfest á báðum fundarstöðum. Jarðvegshiti var mældur á sex stöðum og mældist á bilinu 12,6–63,3 °C (29,5 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti 45,9 °C og 22,8 °C. Svæðið sem var skoðað var um 191 ha.



5. mynd. Óbrennishólmi í hrauni í grennd við Éthóla þar sem hæruburst fannst. Ljós. Pawel Wasowicz, 23. júlí 2024.




4. kort. Rannsóknarsvæðið í Gjástykki og útbreiðsla hæruburstar.

3.4 Kröflusvæði


3.4.1 Leirhnjúkur

Leirhnjúkur er stór óbrennishólmi í ungum hraunum sem mynduðust í Kröflugosum og telst jarðhitasvæðið til Kröflusvæðisins. Jarðhitavirkni er einkum í kringum Leirhnjúk og ber það ýmis einkenni dæmigerðs háhitasvæðis með leirhverum, gufuhverum, brennisteinsþúfum og ummyndun. Á hrauni umhverfis Leirhnjúk kemur gufa upp á mörgum stöðum. Þar er umhverfi með auknu raka- og hitastigi sem er mjög oft vel gróið og mosar eru sá plöntuhópur sem myndar mesta þekju. Mikill fjöldi ferðamanna heimsækir svæðið við Leirhnjúk og er nokkurt rask á svæðinu, aðallega í formi göngustíga, göngu- og útsýnispalla og sumstaðar ber mikið á traðki eftir ferðamenn. Nokkrar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu áður (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2009) en engar heimildir voru um hæruburst frá jarðhitasvæðinu við Leirhnjúk.

Á svæðinu má finna bæði hveraleirsvist og móahveravist. Þar sem yfirborð var mjög ummyndað vegna jarðhita, var land almennt fremur gróðurlítið, og mosar voru því sjaldgæfir og komu fram í litlu magni. Einhverjir fleiri mosar voru á jaðarsvæðum þar sem ummyndaður jarðvegur liggur að hrauninu. Engin hæruburst fannst þó þar (6. kort). Á hrauni norðan Leirhnjúks var gróður mestur á svæðum umhverfis gufuústreymi en þar voru mosar ríkjandi. Á sumum stöðum var þó lítill gróður. Jarðvegshiti var mismunandi, frá 7 til 90 °C. Hæruburst fannst meðfram stórri sprungu í hrauni norðan við Leirhnjúk á heitum jarðvegi (6. mynd). Skoðað svæði var um 39 ha. Jarðvegshiti var mældur á nítján stöðum og var á bilinu 7,0–90,0 °C (34,8 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 50,5 °C til 90 °C (76,7 °C að meðaltali).



6. mynd. Búsvæði hæruburstar á hrauni norðan Leirhnjúks. Ljós. Pawel Wasowicz, 24. júlí 2024.



6. kort. Rannsóknarsvæðið við Leirhnjúk og útbreiðsla hæruburstar.

3.4.2 Krafla

Krafla er megineldstöð nálægt Mývatni og er hún meðal virkustu eldstöðvakerfa á Íslandi. Yfirborðsummerki jarðhita á Kröflusvæðinu eru dæmigerð fyrir háhitasvæði. Jarðhitavirkni er sérstaklega rík á svæðinu norðaustur frá virkjun. Sums staðar, þar sem ummyndaður jarðvegur er allsráðandi, er gróðurpekja svæðisins bundin við litla bletti, aðallega í botni mjög þröngra gilja (t.d. umhverfi Hveragils) (7. mynd). Í hlíðum sem þaktar eru jarðhitaleir er gróður ekki áberandi, þó að þar sé að finna nokkrar tegundir æðplantna. Almennt er mosapekja ekki til staðar á þessum svæðum. Jarðhitavirkni er þó einnig á svæðum með mikla gróðurpekju, t.d. í nágrenni Vítis og umhverfis Hrafninnuhrygg. Á þessum slóðum eru jarðhitasvæði mjög vel afmörkuð og fjölbreytileiki plantna mun meiri. Mosar eru líka algengari. Um allt svæðið eru merki um jarðhitavirkni háhita mjög áberandi, m.a. bullandi leirhverir, gufu- og vatnshverir, brennisteinspúfur, heitur jarðvegur og ummyndun. Mikil röskun hefur verið á svæðinu vegna framkvæmda við virkjunina, t.d. margir vegir og stígar, borholur, borpallar og leiðslur.


Nokkrar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu áður (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003, Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2007) en engar heimildir voru um hæruburst frá jarðhitasvæðum í Kröflu.

Vettvangsrannsóknir beindust að jarðhitasvæðum í miðju Kröflukerfisins, samtals um 548 ha (7. mynd, 7. kort). Gerð var ítarleg leit á öllu svæðinu í kringum Víti, Hveragil, í suðvesturhlíðum Kröflu, á svæðinu við Hrafninnuhrygg og við Hvíthólaklif. Víðast hvar þar sem jarðhitaleir er allsráðandi var gróður mjög rýr, nánast enginn mosi. Hvergi fannst hæruburst á svæðinu þrátt fyrir háan jarðhita og mikinn loftraka. Á stöðum þar sem gróðurpekja var ríkari var ummynduð jörð víða köld og jarðvegshiti svipaður og í umhverfi utan jarðhita, sem bendir til þess að jarðhitavirkni hafi dvínað.

Engin hæruburst fannst á svæðinu þrátt fyrir að aðrar mosategundir væru sums staðar ríkjandi í gróðri. Jarðvegshiti var mældur á 31 stað og mældist á bilinu 5,0–85,9 °C (26,6 °C að meðaltali).



7. mynd. Hveragil við Kröflu. Ljós. Pawel Wasowicz, 5. september 2023.



Lofmynd: MAXAR, NÁTT-atm2024

 Rannsóknarsvæði
 Háhitarsvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*):
 ◆ Til staðar
 ◆ Ekki til staðar

7. kort. Rannsóknarsvæðið við Kröflu.

3.5 Námafjall

3.5.1 Hverarönd-Námafjall


Jarðhitasvæðið við Námafjall í Mývatnssveit nær frá Bjarnarflagi á flatlendi vestan við fjallið, yfir það að Hverarönd á flatlendinu austan megin. Námafjall sjálft er móbergshryggur. Vestur af því eru eldvörp, hraun á flatlendinu og malarhjallar norðan við Bjarnarflag. Flatlendi austan Námafjalls er þakið hraunum og nær jarðhiti inn í hraunbreiðuna. Jarðhitavirkni er mest á Hverarönd austan Námafjalls og nær upp í hlíðar fjallsins og brúnir þess. Á Hverarönd má finna leirhver, leiruga vatnshver og heita jörð með gufuaugum. Á Námafjalli sjálfu er einnig heit jörð með gufuaugum ásamt miklu magni af brennisteinspúpum. Í hraununum suðaustur af Hverarönd eru áberandi brennisteinspúfur og rauður leir en þar má einnig finna heita og volga jörð. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Vettvangsrannsóknir beindust fyrst að jarðhitasvæðum á Námafjalli en þar var gróður mjög rýr og ummyndaður jarðvegur allsráðandi. Nánast enginn mosagróður fannst þar. Svipuð staða var á Hverarönd, þar sem næstum enginn gróður fannst í kringum hverina. Hæruburst fannst í hrauninu austur af Hverarönd á svæðum þar sem gróðurþekja var þétt með blóðbergi, *T. praecox* og naðurtungu, *O. azoricum* (8. mynd, 8. kort). Hæruburst fannst á fimm stöðum í mismiklu magni en þekja tegundarinnar var mest á nyrsta svæðinu næst Hringveginum. Svæðin þar sem hæruburst hefur numið land flokkast sem móahveravist.

Jarðvegshiti var mældur á 35 stöðum en hann reyndist á bilinu 9,0–90,6 °C (35,7 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 31,9 °C til 90,6 °C (62,9 °C að meðaltali). Skoðað svæði var um 212 ha að flatarmáli.



8. mynd. Búsvaldi hæruburstar á jarðhitasvæði í hrauni austur af Hverarönd. Ljós. Pawel Wasowicz, 23. júlí 2024.



8. kort. Rannsóknarsvæðið Hverarönd-Námafjall og útbreiðsla hæruburstar.

3.5.2 Bjarnarflag

Bjarnarflag er jarðhitasvæði á jafnlendi vestan Námafjalls í Mývatnssveit beggja vegna Hringvegar og liggur það í um 320–350 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið ber skýr merki um ríka jarðhitavirkni. Þar er heitur jarðvegur mjög útbreiddur en leir- og gufuhverir finnast einnig. Gróðurþekja á svæðinu er ekki mjög áberandi en þar hafa fundist nokkrar tegundir sjaldgæfra plantna. Sums staðar þar sem hitastig jarðvegs er ekki of hátt og raki nægur eru tegundaríkir gróðurblettir. Þekja og tegundafjölbreytni mosa er þar almennt mikil. Svæðinu hefur mikið verið raskað vegna alls kyns mannlegrar athafna en norðan Hringvegar er fyrsta gufuaflsvirkjun Landsvirkjunar á Íslandi (byggð 1969) og gamla Kísiliðjan. Kartöflurækt var og er víða stunduð á heitum jarðvegi innan svæðisins. Aðkoma ferðamanna inn á svæðið er annar þáttur sem raskar náttúrulegum plöntusamfélögum á svæðinu. Fjöldi ferðamanna er mikill en þrátt fyrir það eru engir stígar eða merkingar á svæðinu og ummerki um traðk nánast alls staðar í viðkvæmum jarðhitagróðri. Rannsóknarsvæðið í Bjarnaflagi náði yfir hluta vesturhlíða Dalafjalls. Engar fyrri heimildir eru til um hæruburst frá Bjarnaflagi.

Rannsóknin leiddi í ljós að hæruburst er mjög algeng á svæðinu beggja vegna Hringvegar (9. kort). Hún fannst eingöngu á heitum jarðvegi þar sem mosa- og gróðurþekja var mikill. Mikill munur var á landnámi hæruburstar milli staða, sums staðar sáust smáir dreifðir blettir innan um jarðhitagróður, annars staðar var tegundin allsráðandi með 100% þekju á mjög stóru svæði (9. mynd). Merki um grómyndun fundust á öllum stöðum en umfang grómyndunar var misjafnt eftir stöðum. Sunnan Hringvegar fannst hæruburst á stóru svæði. Þar fannst mosinn í tveimur stórum, nánast samfelldum stofnum. Norðan vegar fannst tegundin aðeins á stöðum þar sem röskun á upprunalegum




9. mynd. Þéttar breiður af hæruburst í Bjarnaflagi. Ljós. Pawel Wasowicz, 5. september 2023.

jarðhitagróðri var lítil í a.m.k. 400 m fjarlægð frá veginum (10. mynd). Þar sem heitur jarðvegur náði aldrei yfir stórt samfelld svæði dreifðist tegundin í smærri blettum um allt og erfitt var að finna staði sem ekki hafa orðið fyrir áhrifum af henni. Þekja mosans var mjög breytileg, allt frá 10% til 100%. Grómyndun var mikil alls staðar.

Jarðvegshiti var mældur á 20 stöðum en hann reyndist á bilinu 10–85,3 °C (61,5 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 44,4 °C og 85,3 °C (63,5 °C að meðaltali). Skoðað svæði var um 49 ha að flatarmáli.



10. mynd. Hæruburst (grálitur mosi) tekur yfir innlenda mosa (ljósgrænir og gulleitir mosar) á jarðhitasvæðinu í Bjarnarflagi. Ljós. Pawel Wasowicz, 5. september 2023.




 Rannsóknarsvæði
 Háhitarsvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

9. kort. Rannsóknarsvæðið í Bjarnarflagi og útbreiðsla hæruburstar.

3.5.3 Jarðbaðshólar

Jarðbaðshólar eru fornir gíghólar vestan Námafjalls. Svæðið nær frá Hringvegi í norðri upp að Hverfjalli í suðri. Talið er að mikið en skammvinnt gos hafi myndað Hverfjall (Hverfell) fyrir um 2900 árum en Jarðbaðshólar gusu skömmu síðar og rann þá hraunið sem nú er milli Reykjahlíðar og Voga. Þar var um langan aldur þurrabað við útstreymi af heitum gufum, heilnæmt gigtveikum. Í Jarðbaðshólum og hraununum í kring er víða heit jörð og gufur af heitu grunnvatni. Jarðbaðshólum hefur í dag verið raskað óafturkræft vegna framkvæmda. Malarnám er á svæðinu rétt suður við Hringveg, skógrækt er stunduð vestan svæðisins með framandi trjátegundum, auk þess sem þar er stunduð kartöflurækt og rúgbrauðsbakstur. Á svæðum þar sem heit gufa berst til yfirborðs eru staðir með þéttum gróðri þar sem mosar eru ráðandi. Þrátt fyrir miklar breytingar af mannavöldum má enn finna nokkrar sjaldgæfar plöntutegundir í heitum jarðvegi, til dæmis naðurtungu, dvergtungljurt og renglutungljurt. Hæruburst fannst á þremur svæðum í Jarðbaðshólum árið 2006 (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2007), þ.e. á gígnum rétt norðan Jarðbaðanna fannst hún í mosaríkum jarðhitagróðri og meðfram sprungu með N-S stefnu, og í norðanverðum barmi gígsins þar norður af. Ekki liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um útbreiðslu tegundarinnar á svæðinu. Rannsóknarsvæðið í Jarðbaðshólum náði frá Hringvegi suður fyrir Jarðböðin að Hrossaborg.

Hæruburst fannst einungis á norðurhluta svæðisins en þar er líka jarðhitavirkni mest (10. kort). Mosinn vex þar á heitum jarðvegi, þar sem er mikill raki við heitt gufuútstreymi. Í Jarðbaðshólum er hægt að finna tegundina nánast alls staðar þar sem jarðhita gætir (11. mynd). Þar myndar hæruburst þéttar breiður sem sums staðar þekja stór svæði. Á öðrum stöðum er tegundina að finna í




11. mynd. A. Hæruburst er ríkjandi á heitum jarðvegi í Jarðbaðshólum. B. Stækkað svæði úr mynd A – hæruburst (merkt með örnum) tekur yfir innlendar mosategundir. Ljós. Pawel Wasowicz, 4. september 2023.

upprunalegum gróðri, oftast nærri gufuopum (12. mynd). Aðstæður eru talsvert aðrar á svæðum sem liggja suður að Jarðböðum og Hrossaborg. Þar var jarðhitavirkni töluvert minni en á norðurhluta svæðisins. Þar var ylvolg jörð á mörgum stöðum en gufuvirkni var ekki áberandi. Engin hæruburst fannst á svæðinu þrátt fyrir mikla leit. Miðað við útbreiðslu árið 2006 virðist tegundin nú vaxa víðar í Jarðbaðshólum ef frá er talið að tegundin fannst ekki á ylvolgri jörð í grennd við Jarðböðin og virðist því horfin af því svæði.

Jarðvegshiti var mældur á 35 stöðum á 10 cm dýpi. Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 22,3–69,6 °C (46,5 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 27,6 °C og 69,6 °C (51,8 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins á Jarðbaðshólum var um 126 ha.



12. mynd. Hæruburst (grár og svartleitur mosi) vex meðfram sprungu sem gufur stíga upp úr. Ljós. Pawel Wasowicz, 4. september 2023.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

10. kort. Rannsóknarsvæðið í Jarðbaðshólum og útbreiðsla hæruburstar.


3.6 Askja

Askja í Dyngjufjöllum er ein af stærstu megineldstöðvum Íslands. Móbergsfjöll mynda hringlaga fjallgarð í kringum samsetta öskju sem mælist um 10 km í þvermál. Eldstöðin er gegnum skorin gos- og sprungurein sem liggur í norðnorðaustlægri stefnu. Öskjubotninn, í um 1100 m hæð, er að mestu þakinn basalhraunum, nema yngsta svæðið, Öskjuvatn, sem myndaðist í stóru gjóskugosi árið 1875. Sama goshrina orsakaði gos við Sveinagjá, sem er á sprungureininni norðan Öskju. Á þriðja áratug síðustu aldar urðu smágos í Öskju, og þar gaus einnig árið 1961. Jarðhiti er á þremur vel afmörkuðum svæðum við Öskjuvatn: við Víti og Bátshraun í Suðurbotnum, syðst og vestast við vatnið undir Þorvaldstindi, og á litlu svæði nyrst í öskjunni nærri Sigurðarskarði. Afmörkun jarðhitasvæðisins kemur fram á jarðfræðikorti 5 og staðháttakorti 13 í kortahefti. Jarðhitasvæðin einkennast almennt af heitri jörð með gufuaugum og ríkulegum brennisteini. Víti, sem má kalla gufuhitaða laug, er notað til baða. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Skoðað var svæðið í kringum Víti og í norðausturhluta Öskju (11. kort). Þarna var hveraleir algerlega laus við gróður. Enginn hæruburst fannst á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit. Jarðhitasvæðið í Suðurbotnum var ekki skoðað sökum erfiðs aðgengis auk þess að þar féll geysimikið berghlaup árið 2014.

Jarðvegshiti var mældur á 11 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 27,1-85,4 °C (49,8 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 112 ha.





 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

11. kort. Rannsóknarsvæðið í Öskju og útbreiðsla hæruburstar.

3.7 Vonarskarð


Vonarskarð nefnist svæðið milli Tungnafellsjökuls og Bárðarbungu í Vatnajökli. Í Vonarskarði er jarðhitasvæði á litlu svæði suður og vestur af Laugakúlu. Syðsta svæðið er í Snapadal, í fjallshlíðum milli Skrauta og Eggju og teygir sig niður á áreyrar þar austan við. Milli Eggju og Laugakúlu liggur hitasvæði í 1000–1200 m hæð, sem nær vestur í Nýjadal. Annað hitasvæði er suður af Laugakúlu í grunnri dalskoru á 960–1100 m hæð, og fáeinar laugar eru við Rauðará, norðaustar á svæðinu. Svæðið einkennist af kolsýrulaugum, hverum og hveraörverum, ásamt leirhverum og leirugum vatnshverum. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Farið um jarðhitasvæðið í Vonarskarði síðla í september 2024, frá syðsta hluta þess í Snapadal, norður fyrir Rauðá og upp undir Eggju (12. kort). Jarðhitavirkni var mest upp undir Eggju þar sem gufu- og leirhverir voru áberandi og lítið gróinn hveraleir einkennandi. Annars staðar var jarðhiti fremur vægur með stöku leir- og gufuhverum og volgrum. Gróið land í nágrenni við hverir þar sem hita gætti í jarðvegi flokkaðist sem fjallahveravist en tegundir á borð við fjallasmára báru vitni um snjódældaráhrif. Gróður var jafnan mosaríkur og snöggvaxinn (13. mynd). Oftast var um deiglendi að ræða í grennd við uppsprettur og læki en einnig voru þurrari blettir við jarðhita. Naðurtunga fannst við hverir og á heitri jörð á nokkrum stöðum. Hæruburst fannst ekki á þeim svæðum sem farið var um.

Jarðvegshiti var mældur á 23 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 4,9–41,7 °C (19,4 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 222 ha.



13. mynd. Vatnshver í fjallshlíð upp af Snapadal í Vonarskarði, mosagróður umhverfis hverinn. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 20. september 2024.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburstar (*Campylopus introflexus*):
 ◆ Til staðar
 ◆ Ekki til staðar

12. kort. Rannsóknarsvæðið í Vonarskarði.

3.8 Torfajökull

Háhitasvæðið sem kennt er við Torfajökul er hálent og fjöllótt en hraun og straumvötn setja svip á landið. Jarðhitasvæðið er gríðarstórt, jarðhiti er víða í um 900 m hæð en hæstu fjöll eru 1100–1200 m há. Landið er mjög gilskorið og litríki mikið í jarðgrunni.

3.8.1 Landmannalaugar

Við norðurhluta Torfajökulssvæðisins er jarðhitasvæðið í Landmannalaugum. Laugarnar, ásamt Laugahrauni, Brennisteinsöldu og Bláhnúki, eru staðsettar í miðju svæðisins. Jarðhitasvæðið við Landmannalaugar liggur við norðurjaðar Torfajökulsöskjunnar. Mikil hveravirkni er á svæðinu en hér einskorðast umfjöllun við Vondugil, Brennisteinsöldu og laugarnar sjálfar. Vondugil eru gilskorningar vestan Laugahrauns og einkennast af bröttum skriðum og gilskorningum upp af ljósgrýtiseyrum. Þar eru sjóðandi vatnshverir og soðpönnur algengar ásamt heitri jörð og gufuaugum. Jarðhitinn kemur einkum fram neðarlega á giljum og á eyrunum. Brennisteinsalda og upptakasvæði Laugahrauns er í 700–800 m h.y.s. Það er að mestu brattar skriður og gilskorningar en einnig úfið hraun. Við upptakasvæði Laugahrauns er einkum að finna gufuhveri og heita jörð. Vatnsmiklar laugar og hveramýri með kolsýrulaugum einkenna Landmannalaugar, og vatnið er líklega blanda djúpvatns og gufuhitaðs grunnvatns. Vegur liggur í Landmannalaugar, þar sem Ferðafélag Íslands rekur skála, og þangað liggur mikill straumur ferðamanna. Á svæðinu er talsvert rask, meðal annars vegna merktra gönguleiða sem hafa verið ruddar, hlaðnar eða borið ofan í á sumum stöðum. Laugavegurinn liggur um jarðhitasvæðið í Brennisteinsöldu og Laugahrauni en ber gróður talsverð ummerki um traðk. Á síðustu árum hefur mikið verið lagt í að hlaða eða leggja stíga um svæðið til



14. mynd. Hæruburst við hver í hlíðum Vondugilja. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 21. september 2024.


að hlífa viðkvæmum gróðri og jarðmyndunum, sem og tryggja öryggi ferðamanna þar sem leiðin liggur um jarðhitasvæðið. Sauðfé gengur til beitar á svæðinu á sumrin og sækir í jarðhitann. Tveir þekktir fundarstaðir hæruburstar eru í Vondugiljum frá rannsóknum 2008 (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009).

Í september 2024 var farið um jarðhitasvæði í Vondugiljum, við Brennisteinsöldu og upptakasvæði Laugahrauns, svo og sjálfar laugarnar undir brún Laugahrauns. Í Vondugiljum var yfirleitt um litla, gróna bletti að ræða við gufu- og vatnshveri þar sem mosar voru ríkjandi í þekju. Jarðhitasvæðið við Brennisteinsöldu var vel gróið og mosar ríkjandi í þekju. Var þar fyrst og fremst um móahveravist og hveraleirsvist að ræða en jarðvegur er víða heitur og leirríkur vegna jarðhitaummyndunar. Vel gróin og gróskumikil mýrahveravist einkenndi jarðhitasvæðið við laugarnar. Hæruburst fannst á tveimur svæðanna, í Vondugiljum og við Brennisteinsöldu (13. kort). Í Vondugiljum fannst tegundin á tveimur litlum blettum (<3,5 m²) í móahveravist og á hveraleir (14. mynd). Við Brennisteinsöldu var tegundin útbreidd og gat verið nær einráð á stórum svæðum (allt að 100 m²) (15. mynd). Hún fannst einkum á eða við núverandi gönguleið Laugavegarins en einnig við eldri og aflagða hluta gönguleiðarinnar. Tegundin var útbreidd á leirríkum, heitum jarðvegi, í móahveravist og við gufuuppstreymi úr hraunglufum. Töluverð ummerki eru um traðk eftir sauðfé á jarðhitasvæðinu við Brennisteinsöldu.

Jarðvegshiti var mældur á 26 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 18,0–86,7 °C (43,4 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 39,1 °C og hæstur 70,0 °C (55,0 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 388 ha.



15. mynd. Hæruburst á Laugahrauni við Brennisteinsöldu í Landmannalaugum. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 21. september 2024.



13. kort. Rannsóknarsvæðið í Landmannalaugum og útbreiðsla hæruburstar.

3.8.2 Reykjadalir

Reykjadalir eru gilskornir og lágir móbergshryggir, þaktir vikri, sem liggja milli Dalalda og Markarfljóts. Í Dalamótum má finna gilskorna vatnahjalla með Markarfljóti sem rennur um miðjan hluta svæðisins. Berggrunnurinn er að mestu móberg. Svæðið liggur skammt sunnan við ætlað öskjubrot. Sunnan Markarfljóts rís jaðar Hrafninnuhrauns sem rann á landnámsöld. Svæðið er þakið víðáttumiklum vikurlögum frá landnámsöld sem mynda enn vikurbreiður á svæðinu.


Jarðhiti er fjölbreyttur og birtist í gufuhverum, leirhverum, leirugum vatnshverum, heitri jörð með gufuaugum, soðpönnum, kolsýruhverum, laugum og ölkeldu. Lækir falla úr giljum niður í Markarfljót sem rennur í suðurhluta svæðisins. Svæðið er lítt raskað nema hvað jeppaslóðir liggja um það og sauðfé gengur til beitar. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Jarðhiti var einkum í giljum og dalbotnum en kom einnig fyrir á flötum vikurbreiðum. Vatnshverir og soðpönnur einkenndu hverasvæði í dalbotnum og hlíðarrótum en gufu- og leirhverir voru ofar í hlíðum. Heit jörð var einkum á vikrum. Mosar voru ríkjandi í þekju en fjallahveravist, deig í dalbotnum og hlíðarrótum en þurrland í hlíðum og á vikrum, var ríkjandi vistgerð við hverir sem og hveraleirsvist (16. mynd). Svæðið er í um 850–950 m h.y.s. Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (14. kort).

Jarðvegshiti var mældur á 61stað á 10 cm dýpi og var á bilinu 6,3–82,1 °C (32,7 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 439 ha.



16. mynd. Frá rannsóknarsvæðinu í Reykjadölum. Ljós. Járngerður Grétarsdóttir, 24. september 2024.




14. kort. Rannsóknarsvæðið í Reykjadalum.

3.8.3 Stórhver

Stórhver er svæði sem einkennist af gilskornum, ávölum öldum með vikurjarðvegi. Suðurjaðar þess er hraun frá Hrafninnuskeri, um 7500 ára gamalt. Mesta jarðhitavirknin er við Stórahver í giljum nærri efstu drögum Markarfljóts norðan Hrafninnuskers, þar sem finna má öfluga gufuhveri, soðpönnur, leiruga vatnshveri og heita jörð með gufuaugum og hverasöltum. Laugavegurinn liggur um jarðhitasvæðið áleiðis suður í Hrafninnusker en einnig er stikuð gönguleið til vesturs eftir gilbotninum. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Jarðhitasvæðið við Stórahver var kannað í giljum veggja vegna Laugavegarins og áfram til vesturs meðfram merktri gönguleið sem þar liggur. Hverir, einkum vatnshverir og soðpönnur eru í gilbotninum og stíga miklar gufur upp frá þeim. Gufu- og leirhverir eru einkum ofar í hlíðum giljanna. Austan Laugavegarins er stór, bláleitur vatnshver og allmikið svæði með heitri jörð og leirhveraopum. Mosar voru ríkjandi í gróðurpekju við hverir, einkum *Polytrichum* spp. og *Racomitrium* spp. mosar. Fjallahveravist var einkennandi í grónu landi við hverir. Við vatnshveri og soðpönnur í gilbotnum og hlíðarrótum var deiglendi en ofar í hlíðum þurrlendi við gufu- og leirhverir. Hæruburst fannst á tveimur aðskildum blettum við hverir í brekkurótum í grennd við göngustíg sem liggur til vesturs út frá Laugaveginum (17. mynd). Þar voru tvær breiður í fjallahveravist, önnur um 1,5 × 2 m við




17. mynd. Hæruburstarbreiða á hverasvæðinu við Stórahver við Laugavegin en mosinn fannst á tveimur litlum blettum við gufu- og leirhverasvæði rétt við merkta gönguleið. Hitamælir til hægri upp af gulri feltbók sýnir staðsetningu. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 21. september 2024.

gufuhver og hin um $0,5 \times 0,5$ m við leirhver neðar í hlíðinni. Fundarstaðirnir voru í um 920 m h.y.s. (18. mynd, 15. kort) Á þessum stöðum var einnig að finna *Polytrichum* spp., *Racomitrium* spp. mosa og mýrfjólu, *V. palustris*.

Jarðvegshiti var mældur á 19 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 19,0–79,0 °C (40,7 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 47,3 °C og hæstur 54,6 °C (51,0 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 184 ha.



18. mynd. Yfirlitsmynd yfir hverasvæðið þar sem hæruburstin fannst. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 21. september 2024.




15. kort. Rannsóknarsvæðið við Stórahver og útbreiðsla hæruburstar.

3.8.4 Hrafninnusker – Jökultungur

Mikill jarðhiti er í kringum Hrafninnusker og suður af því. Berggrunnur svæðisins einkennist af líparíthraunum frá nútíma ásamt móbergi, sem sést víða undir líparítinu. Landslagið er að mestu gilskorið en öldótt, með vikurfylltu hrauni sem einkennir Hrafninnusker og stórbrotu og litríku gljúfri í Ljósárgili. Jarðhiti er fjölbreyttur og einkennist af öflugum gufuhverum, leirugum vatnshverum, heitri jörð með gufuaugum og hverasöltum, auk soðpanna og soðstampa. Á sumum stöðum eru rauðleitar og hvítar ummyndunarbreiður áberandi, ásamt ölkeldum. Nokkur svæði sýna aukna virkni með reglulegum gosum goshvera. Sérstaklega sterkir gufuhverir eru á svæðinu og eru þeir meðal öflugustu gufuhvera á landinu. Þeir finnast víða við hraunin frá Hrafninnuskeri og í grunnum giljum sunnan og austan við það. Jeppaslóðir liggja í Höskuldsskála við Laugavegin austan Hrafninnuskers og suður að íshelli vestan þess. Mikil umferð ferðamanna er um Laugavegin sem liggur frá Höskuldsskála suður um Jökultungur. Sauðfé gengur til beitar en að öðru leyti er svæðið óraskað. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Rannsóknarsvæðið sem farið var um 2024 tekur til jarðhita í Hrafninnuhrauni vestan skers suður fyrir íshelli, og austan skers frá Höskuldsskála, suður Hrafninnuskersvikra allt suður í Jökultungur (19. mynd). Svæðið er hálent og strjálgróið, mosar og fjallaplöntur einkennandi, en það stendur í




19. mynd. Jarðhitasvæði vestan Hrafninnuskers. Ljós. Járngerður Grétarsdóttir, 23. september 2024.

900–1000 m h.y.s. Gróðurblettir við hverji teljast til fjallahveravistar og bera ýmist einkenni vot- eða deiglendis þar sem jarðvatnsstaða er há, eða þurrlendis á vikrum eða ofar í hlíðum (20. mynd). Engin hæruburst fannst á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (16. kort). Jarðvegshiti var mældur á 103 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 1,5–68,1 °C (21,4 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 1673 hektarar.



20. mynd. Jarðhitasvæði á Hrafninnuskersvikrum. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 23. september 2024.



16. kort. Rannsóknarsvæðið Hrafninnusker-Jökultungur og útbreiðsla hæruburstar.

3.9 Kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru mikill fjallaklasi skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið er fjöllótt og rís hátt þar sem hæstu tindar ná í um 1200–1400 m hæð. Svæðið einkennist af miklum líparítfjöllum ásamt lægri móbergsfjöllum. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með öflugum háhitasvæði í miðju sinni sem bundin er við þrjú svæði, Hveradli, Efri-Hveradali og Hverabotn. Tvær öskjur tilheyra eldstöðinni en þær skarast ekki. Engin eldvirkni hefur átt sér stað í Kerlingarfjöllum á nútíma. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði. Hveravirkni í Hveradölum er veruleg og felur í sér heita jörð með gufuaugum, gufuhveri, leirhveri og leiruga vatnshveri. Í lægðum eru einnig soðpönnur og soðstampar með heitu vatni. Á hverasvæðinu má finna samfellda ummyndun í berg- og jarðgrunni, þar á meðal sundursoðið berg og hveraleir. Öflugasti hverinn er í lækjagili við hlíðar Mænis, þar sem mældur hefur verið hiti á bilinu 145–150 °C, sem er hæsta skráða hitamæling í íslenskum hver (Árni Hjartarson og Magnús Ólafsson 2005).

Svæðið var heimsótt í september 2024 og tók rannsóknarsvæðið til jarðhita í Hveradölum, nánar tiltekið í Vesturdölum (21. mynd, 17. kort). Áhersla var lögð á að kanna gróin svæði við hverir sem valin voru út frá loftmyndum og fyrri gróðurrannsóknum á svæðinu. Hverasvæðið í Hveradölum er afar gilskorið og leirborið og lítið gróið. Grónir blettir fundust aðallega í giljum, einkum gilbotnum og voru margir þeirra óaðgengilegir. Allt gróið land undir áhrifum jarðhita var deigt eða blautt og flokkast sem fjallahveravist þar sem fjallategundir eru áberandi í gróðurpekju. Enginn hæruburst fannst á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit.

Jarðvegshiti var mældur á 12 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 5,8–69,3 °C (26,1 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 32 ha.



21. mynd. Rannsóknarsvæðið í Kerlingarfjöllum. Ljós. Pawel Wasowicz, 6. september 2024.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

17. kort. Rannsóknarsvæðið í Kerlingarfjöllum og útbreiðsla hæruburstar.

3.10 Hveravellir

Á norðanverðum Kili í jaðri Kjalhrauns er jarðhitasvæðið á Hveravöllum. Svæðið umhverfis er fremur flatt með lágum móbergsgfellum. Öldótt landslagið er þakið jökulurð en Kjalhraun breiðir úr sér til suðurs. Við hraunjaðarinn er kísilhverasvæði með fjölmörgum vatnshverum sem myndað hafa stórar hrúðurbreiður. Sumir hveranna gjósa lítillega og til eru heimildir um goshveri á svæðinu. Þar er einnig að finna leirhveri og leiruga vatnshveri. Jarðhitasvæðið liggur í norður–suður stefnu. Í hrauninu suður af kísilhverasvæðinu er heit jörð með gufuaugum og hverasöltum í rauðum leir, en norðan við svæðið er einnig heit jörð, laugar og volgrur á nokkrum stöðum. Á svæðinu og í nágrenni þess er samfelld köld jarðhitaummyndun. Svæðinu hefur lítillega verið raskað en þar má finna fjallaskála og veðurathugunarstöð. Vatn úr hverunum er notað fyrir hitaveitu og hlaðna baðlaug. Merktar gönguleiðir og pallar á hrúðurbreiðunum stýra umferð ferðamanna um svæðið sem er allmikil. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.


Skoðað var svæði í kringum kísilhveri þar sem umferð ferðamanna er töluverð, sem og heit jörð norðvestan við hverasvæðið og í hrauni sunnan við það. Næstum enginn mosagróður og mjög rýr æðplöntugróður fannst á hrúðurbreiðunni. Sama á við um heita jörð á mel norðvestan við hverasvæðið, þar sem gróður var mjög rýr en naðurtunga, *O. azoricum*, var á sumum stöðum mjög útbreidd. Á heitri jörð á Kjalhrauni sunnan við kísilhverasvæðið var gróðurpekja yfirleitt samfelld en



22. mynd. Búsvæði hæruburstar á Hveravöllum. Ljós. Pawel Wasowicz, 2. september 2024.

mosar, einkum gamburmosar, voru ríkjandi í þekju. Hæruburst fannst á fjórum stöðum á um 20 m² á lítið grónu svæði á Kjalhrauni rétt sunnan lækjarins og fjallaskála Ferðafélags Íslands (22. mynd, 17. kort).

Jarðvegshiti var mældur á 32 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 8,5–69,8 (43,3 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var meðalhiti 44,9 °C. Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 44 ha.



17. kort. Rannsóknarsvæðið í Hveravöllum og útbreiðsla hæruburstar.

3.11 Geysir


Geysir í Haukadal er heimsfrægur goshver, þekktur í Evrópu löngu áður en Vesturlandabúar uppgötvuðu önnur goshverasvæði, eins og þau í Ameríku og á Nýja-Sjálandi. Við Geysi er kennt stórt kísilhverasvæði með samfelldu hverahrúðri. Kísilhverir eru algengastir og sumir þeirra eru eða hafa verið goshverir. Svæðið er ílangt og liggur frá suðvestri til norðausturs. Þar er einnig að finna gufuhver, leirhver og leiruga vatnshver auk heitrar og volgra jarðar. Laugarfell, ávalur líparíthryggur, rís upp af svæðinu. Suður af hverasvæðinu er mikið mýrlendi en þangað teygir jarðhitinn sig. Svæðið hefur orðið fyrir töluverðu raski, aðallega vegna ferðamennsku og nýtingar og hefur hrúður skemmst vegna traðks. Þjóðvegur liggur með suðurhluta hverasvæðisins. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Farið var um jarðhitasvæðið við Geysi frá Þykkvuhverum á suðurhluta þess, norður að Geysisgili og upp í hlíðar Laugarfells (18. kort). Á svæðinu eru fjölbreyttar vistgerðir, meðal annars móahveravist og mýrahveravist og töluvert er um graslandi þar sem jarðhita gætir. Hæruburst fannst bæði við Þykkvuhver og í Geysisgili, en flestir fundarstaðir voru dreifðir við Þykkvuhver. Í Geysisgili fannst tegundin á fjórum stöðum á heitri jörð, þar sem mosar voru ríkjandi, og við gufu- og vatnshveri. Stærsta svæðið var 10 × 20 m þar sem tegundin óx dreift innan um annan mosa (23. mynd). Hæruburstin fylgdi ávallt heitri jörð og svæðum með upprunalegum gróðri þar sem jarðvatnsstaða var lág eða gufuuppstreymi verulegt.



23. mynd. Hæruburst fannst á nokkrum svæðum í Geysisgili, stærsta vaxtarsvæðið var 10 × 20 m þar sem tegundin óx dreift. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 4. september 2024.

Jarðvegshiti var mældur á 54 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 10,3–99,2 °C (45,0 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 25,1 °C og hæstur 79,8 °C (49,1 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 18 ha.



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitarsvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ♦ Til staðar ◆ Ekki til staðar

18. kort. Rannsóknarsvæðið við Geysi og útbreiðsla hæruburstar.

3.12 Hengill

Jarðhitasvæðin á Hengilssvæðinu tengjast megineldstöð sem kennd er við Hengil. Eldstöðinni fylgir víðfeðmt sprungu- og eldstöðvakerfi. Jarðhiti er mestur nálægt miðju eldstöðvarinnar á Hengilssvæðinu en að auki teygir jarðhitasvæðið sig austur á Ölkelduháls og að Hveragerði.

3.12.1 Hveragerði

Austasti hluti jarðhita á Hengilssvæðinu er í þéttbýlinu Hveragerði og nágrenni þess. Bærinn stendur að mestu leyti á flatlendi, sem er mikið til þakið hraunum frá fyrri hluta nútíma, en teygir sig upp í undirhlíðar Reykjafjalls austan Varmár. Vesturhlíð Reykjafjalls er þakin framhlaupum og skriðum, leir er að finna við hverasvæðið, sjávarhjallar frá ísaldarlokum eru undir Hamrinum og við rætur Reykjafjalls, og áreyrar við Varmá hjá Reykjakoti. Lækir streyma úr hlíðum til Varmár. Á jarðhitasvæðinu eru fjölmargir vatnshverir og kísilhverir í röskuðum hrúðurbreiðum, aðallega miðsvæðis í bænum og við Reyki austan Varmár. Leirhverir, leirugir vatnshverir og gufuhverir eru algengir, sérstaklega við Reyki. Áður voru goshverir á nokkrum stöðum. Eftir Suðurlandsskjálftann árið 2008 urðu verulegar breytingar á jarðhitasvæðinu við Reyki og svæðinu norður af; vatnshverir breyttust í leirhverir, og virkni jókst verulega. Mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu með fjölmörgum borholum, og hefur nýting jarðhitans leitt til lægra vatnsborðs og minnkaðrar virkni vatnshvera. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.


Jarðhiti austan Varmár var kannaður frá Reykjum norður eftir vesturhlíðum Reykjafjalls en jarðhitasvæðið í miðbænum var einnig skoðað (19. kort). Hæruburst var útbreidd við jarðhita við Reyki og norður eftir hlíðum Reykjafjalls. Tegundin fannst einkum á heitum, ummynduðum jarðvegi



24.mynd. Hæruburst við hver í skógrækt norðan Fífilbrekku. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 2. september 2024.

eða við gufu- og leirhveri, oftast dreift innan um aðrar mosategundir en einnig í litlum (<12 m²) breiðum (24. mynd). Tegundin fannst helst í móahveravist eða á hveraleir en á nokkrum stöðum fannst hún í röku umhverfi eins og mýrahveravist. Athygli vakti að tegundin fannst og var útbreidd á jarðhitasvæðum sem mynduðust eftir jarðskjálftana 2008.

Jarðvegshiti var mældur á 65 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 10,1–98,9 °C (54,3 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 26,1 °C og hæstur 98,9 °C (61,9 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 83 ha.



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

19. kort. Rannsóknarsvæðið við Hveragerði og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.2 Sauðárdalur

Sauðárdalur er tiltölulega víður og flatur dalur norðan Hveragerðis, vestan við Reykjafjall og Álút. Svæðið einkennist af móbergi, framhlaup og skriður eru í hlíðum Reykjafjalls og leir við hverasvæði. Dalurinn er vel gróinn, gróskumikill á köflum og jarðvegur þykkur. Lækir renna úr hlíðum og giljum til Sauðár og eru margir þeirra heitir. Í innri hluta og austurhlíðum Sauðárdals eru nokkrir afmarkaðir hverablettir þar sem leirugir vatnshverir og heit jörð með gufuaugum eru áberandi. Þar eru einnig leirhverir, gufuhverir og kolsýruhverir eða -laugar, og víða sjást merki um aukna hveravirkni. Í dalnum er samfelld köld ummyndun, og á Klóarmel má sjá merki um nýjan eða aukinn jarðhita. Í innri hluta dalsins liggur merkt gönguleið frá Dalaskarði á Álút, og jarðýtuslóð liggur vestast í dalnum. Sauðfé gengur til beitar ofan girðingar sem liggur fyrir miðju dalsins. Að öðru leyti er svæðið lítt raskað. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Allstórt svæði var kannað frá Gufudal að Klóarfjalli innst í dalnum (20. kort). Hæruburst fannst nánast á öllum jarðhitasvæðum innan Sauðárdals, jafnvel við tiltölulega afskekktan gufuhver hátt uppi í Álútsbotnum. Tegundin óx við mismunandi umhverfisaðstæður en þó aðallega á heitri jörð í móahveravist. Mosinn óx ýmist dreift innan um annan gróður eða myndaði tiltölulega litar breiður, sú stærsta um 100 m². Einnig fannst hún í röku umhverfi í mýrahveravist á nokkrum stöðum en þá í minna magni og oft á börmum hvera (25. mynd). Á Klóarmel voru ummerki um nýlegan jarðhita og var gróður dauður á stóru svæði vegna hitans og sterk lykt barst með gufum úr jörðinni. Á þessu svæði óx hæruburst dreift innan um dauðan mosa og lyng (26. mynd).




25.mynd. Hæruburst við hveraop í gróskumiklu mýrlendi í Sauðárdal. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 3. september 2024.

Jarðvegshiti var mældur á 103 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 9,0–98,6 °C (49,3 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 16,2 °C og hæstur 98,6 °C (55,6 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 487 ha.



26. mynd. Hæruburst óx dreift innan um sínu á hitnandi svæði í Sauðárdal. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 3. september 2024.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*):
◆ Til staðar
◆ Ekki til staðar

20. kort. Rannsóknarsvæðið í Sauðárdal og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.3 Grændalur

Jarðhitasvæðið í Grændal er allstórt og nær yfir allan dalinn frá dalsmynni og inn í dalsbotn. Mikil og dreifð jarðhitavirkni er frá dalsbotni við Grændalsá og upp eftir hlíðum (21. mynd). Á svæðinu finnast leirugir vatnshverir, leirhverir, kolsýruhverir og heit jörð með gufuaugum. Einnig finnast gufuhitaðar laugar, gufuhverir og ölkeldur. Samfelld ummyndun (bæði köld og heit) er um allan dalinn. Jarðhiti finnst bæði í strjálgrónu landi, s.s. á melum og í framhlaupum og vel grónu landi, mólendi, graslendi og votlendi en það síðastnefnda er einkum í norðurhluta dalsins. Svæðið er á þéttum berggrunni og heitir lækir sem streyma frá hverum og uppsprettum niður hlíðar og sameinast í Grændalsá eru einkennandi fyrir jarðhitasvæðið. Veruleg aukning varð á virkni jarðhitasvæðisins í Grændal eftir Suðurlandsskjálftana 2008. Rask af mannavöldum er frekar lítið. Merkt gönguleið liggur um dalinn en hún var fjölfarnari fyrir skjálftana 2008 en í kjölfar breytinga á hverasvæðum í dalnum var leiðin aflögð. Gömul jarðýtuslóð er á suðurhluta svæðisins inn að Þröskuldi. Engin jarðhitanyting er á svæðinu en borholur eru á Ölkelduhálsi í grennd við dalinn. Töluvert sauðfé gengur til beitar í dalnum. Hæruburst var skráð á svæðinu árið 2005 en bara á einum stað á heitum, ummynduðum jarðvegi í dalsbotninum nyrst í Grændal (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2006).

Rannsóknin sýndi að hæruburst er mjög útbreidd í Grændal (21. kort). Tegundin fannst fyrst og fremst á heitum jarðvegi í kringum gufu- og leirhverir (27. mynd). Mosinn fannst hins vegar ekki í röku umhverfi mýrahveravistar þar sem heitar uppsprettur vella fram í vel grónum mýrum. Á heitum,




27. mynd. Útbreiðsla hæruburstar á heitum jarðvegi í Grændal (gráleitur mosi sem er með langmesta þekju á myndinni). Ljós. Pawel Wasowicz, 15. september 2023.

ummynduðum jarðvegi náði tegundin yfir stór svæði sem mældust í tugum og hundruðum fermetra af stórum, samfelldum mosabreiðum (28. mynd). Yfirleitt var þekja hæruburstar á slíkum svæðum nálægt 100% og mjög fáar aðrar mosa- eða æðplöntutegundir sáust. Grómyndun var nánast alls staðar mikil. Sauðfé sækir mikið í hverasvæðin, einkum gufu- og leirhverasvæði þar sem hæruburst getur verið ríkjandi. Féð er þar á beit og liggur til hvíldar við ylinn af hverasvæðunum.

Jarðvegshiti var mældur á 156 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 13,6–99,3 °C (57,2 °C að meðaltali) þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 16,2–99,3 °C (63,9 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 364 ha.



28. mynd. Stórt, samfellt svæði þakið hæruburst í Grændal. Ljós. Pawel Wasowicz, 15. september 2023.



21. kort. Rannsóknarsvæðið í Grændal og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.4 Reykjadalur

Reykjadalur er norðan Hveragerðis vestur af Grændal. Reykjadalsá fellur um dalbotninn og sameinast síðar Varmá. Fyrir botni dalsins eru Ölkelduhnúkur og Klambragil. Svæðið er gilskorið og mishæðótt með fjölbreyttu landslagi og aðgengi er gott þar sem stikuð gönguleið liggur um dalinn frá Hveragerði og af Ölkelduhálsi. Berggrunnurinn er að mestu móberg af ýmsum uppruna. Í Dalaskarði er grágrýti sem teygir sig niður í Reykjadal. Í hlíðum dalsins eru lausar skriður og leir á hverasvæðum. Við botn Reykjadals má sjá móbergskletta sem jökulvatn hefur rofið þegar jökull hörfaði norður fyrir Ölkelduháls í lok ísaldar. Lækir flæða úr giljum inn í Reykjadalsá, þar sem hlutar hennar verða baðheitir vegna rennandi jarðhitavatns. Svæðið er ríkt af leirugum vatnshverum og kolsýruhverum, með fjölda kolsýruhvera og lauga í Klambragili sem hita og bæta vatnsrennslið í Reykjadalsá. Undir Molddalahnúkum og í Dalaskarði eru leirugir vatnshverir, leirhverir, gufuhverir og heit jörð með gufuaugum, þar sem víða sjást merki um aukna virkni. Lítið jarðhitasvæði er einnig syðst í dalnum. Svæðið er nokkuð raskað vegna göngustíga og palla og hefur orðið að vinsælum áfangastað ferðamanna bæði að sumri og vetri. Þá er svæðið nýtt til beitar fyrir sauðfé að sumri og hestahópar fara um dalinn. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.


Skoðaður var allur dalurinn frá bílastæði upp í Klambragil og suðurhluta Ölkelduhnúks (22. kort). Hæruburst fannst á fimm svæðum innan Reykjadals: á litlu jarðhitasvæði fyrir ofan Hofmannaflöt norðan Varmár á ummynduðum jarðvegi, undir Moldahnúkum, undir Fálkaklettum við Ölkelduhnúk, í Klambragili og á jarðhitasvæði í Dalaskarði. Mosinn fannst þar aðallega í móahveravist á heitri jörð



29. mynd. Hæruburst í hlíðum Reykjadals í grennd við baðstaðinn í dalnum. Ljós. Pawel Wasowicz, 3. september 2024.

en einnig á frekar röku svæði undir Moldahnúkum. Á öllum stöðum (fyrir utan svæðið fyrir ofan Hofmannaföt) var útbreiðsla hæruburstar mikil og náði yfir allstórt svæði (meira en 100 m² með 100% þekju) (29. mynd). Grómyndun var nánast alls staðar mikil.

Jarðvegshiti var mældur á 13 stöðum á 10 cm dýpi og var a bilinu 18,6–99,4 °C (52,6 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 18,6 °C og hæstur 99,2 °C (56,8 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 336 ha.



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

22. kort. Rannsóknarsvæðið í Reykjadal og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.5 Ölkelduháls–Lakaskörð


Ölkelduháls liggur á vatnaskilum milli dala upp af Hveragerði og þeirra sem veita norður að Þingvallavatni. Jarðhiti er við Ölkelduhnúk norður í Lakaskörð og í Kýrgili við upptök Þverár. Svæðið er gilskorið og mishæðótt, með landslagi úr rofnu móbergi frá ýmsum jarðmyndunum. Skammt vestan við svæðið eru hraun og móberg sem mynduðust við hörfun jökuls og kallast Bitrumyndanir. Austur og norður frá Ölkelduhálsi er Tjarnarhnúkur, stór gjallgígur frá fyrri hluta nútímans, og frá honum rann hraun, að mestu vestur á bóginn. Austan við Tjarnarhnúk og Hrómundartind eru Kattartjarnir, sem eru taldar gígar frá kolsýrusprengigosi. Jarðhiti á Ölkelduhálsi og nágrenni hans er bæði fjölbreyttur og öflugur. Í Lakaskörðum, hvílt norðan við Tjarnarhnúk eru margir stórir, leirugir vatnshverir ásamt leirhverum og gufuhverum. Jarðhitinn á Ölkelduhálsi einkennist af leirugum vatnshverum og kolsýruhverum, og merki eru um aukna virkni að undanfögnu. Nokkuð rask hefur orðið á svæðinu vegna háspennulínu og borana. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Rannsakað var allstórt svæði frá Kýrgili í vestur að Lakaskörðum í austur (23. kort). Í Kýrgili var mikill jarðhiti. Margir blettir með heitri jörð voru á dalbotni rétt við bakka Þverár og fannst hæruburst á nær öllum þessum stöðum (30. mynd). Í Lakaskörðum var mikil hveravirkni í framhlaupsurð með öflugum gufuhverum ofarlega í hlíðum og vatnshverum og heitum uppsprettum neðan þeirra. Hæruburst fannst á nokkrum stöðum á heitri jörð við gufuhveri í móahveravist og á hveraleir. Mest var um tegundina við gufuhver vestast skörðunum en hún fannst víðar við gufu- og leirhveri.



30. mynd. Hæruburst á heitri jörð í Þverádal norðan Ölkelduháls. Ljós. Pawel Wasowicz, 5. september 2024.

Jarðvegshiti var mældur á 26 stöðum á 10 cm dýpi og var a bilinu 7,7–63,7 °C (30,2 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 15,9 °C og hæstur 63,7 °C (40,4 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 502 ha.



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

23. kort. Rannsóknarsvæðið Ölkelduháls-Lakaskörð og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.6 Nesjavellir

Jarðhitasvæðið við Nesjavelli er neðarlega í norðausturhlíðum Hengils og liggur í miðri virku gos- og sprungurein Hengilskerfisins. Svæðið einkennist af óreglulegum móbergsbrekkum ásamt verulegum misgengjum og sprungum. Vestast á svæðinu eru syðstu gígar Hagavíkur- og Nesjavallahrauna og hraun frá þeim hafa flætt yfir hlíðar og láglandi.


Í Köldulaugagili er að finna brennisteinspúfur, gufuhver, heita jörð með gufuaugum, gufuhitaðar laugar og kolsýruuppsprettur. Neðan brekknanna er einnig víða heit jörð með gufuaugum. Lækir streyma úr giljum á svæðinu. Svæðið hefur orðið fyrir miklum röskunum vegna framkvæmda við Nesjavallavirkjun, þar á meðal orkuöflunar- og orkuflutningsmannvirkja. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.



31. mynd. Hæruburst á heitri jörð á Nesjavöllum. Ljós. Rafn Sigurðsson, 29. september 2024.

Rannsað var svæði frá Nesjavöllum að Nesjalausgargili, þar sem jarðhitavirkni var fjölbreytt og öflug en heit jörð var ekki mjög útbreidd (24. kort). Hæruburst fannst á hrauni með gufuaugum neðan brekku undir Fálkaklettum skammt frá orkuveri Nesjavallavirkjunar (31. mynd). Svæðið var frekar stórt og tvískipt en stærð nyrðra svæðisins var áætluð 1300 m² og þess syðra 2700 m². Mosinn óx þar á röskuðu svæði við mikinn hita.

Jarðvegshiti var mældur á 24 stöðum á 10 cm dýpi og var a bilinu 13,4–93,5 °C (56,9 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti lægstur 37,0 °C og hæstur 93,5 °C (68,5 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 239 ha.



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

24. kort. Rannsóknarsvæðið á Nesjavöllum og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.7 Innstidalur


Innstidalur er hrjóstrugt svæði með einstakt landslag, jarðfræðileg einkenni og jarðhita. Dalurinn liggur í suðvesturhlíðum Hengils og samanstendur af bröttum brekkum og giljum sem teygja sig norður frá flötum og breiðum dalbotninum. Berggrunnurinn er að mestu úr móbergi sem tilheyrir Henglinum. Í botni dalsins er Hellisheiðarhraun, um 5500 ára gamalt. Jarðgrunnurinn samanstendur af lausum skriðum í hlíðum, með leir við hverasvæðin. Nokkur framhlaup eru í nágrenninu. Mestur jarðhiti er í gili sunnan við Hengil, nyrst í Innstadal. Þar má sjá mikla gufuhveri í læknum sem rennur í gegnum gilið, auk brennisteinspúfa, heitrar jarðar með gufuaugum og miklum hverasöltum. Lækurinn verður mjög heitur og er grásvartur af hveraörverum. Vestar má finna ölkeldu og heita jörð með gufuaugum undir vesturhlíðum Hengils. Nokkurt rask hefur orðið á virkasta hverasvæðinu vegna tilrauna með hitaveitu fyrir skálann í Innstadal. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Gengið var niður í Innstadal frá Skarðsmýrafjalli og ummyndað svæði á norðurhlíðum fjallsins var kannað um leið sem reyndist kalt. Á jarðhitasvæðinu í norðanverðum dalnum var vægur hiti í giljum og hlíðum vestan skálans í Innstadal. Þar var heit jörð og gufuaugu og uppsprettur í vel grónu votlendi. Í gili vestan skálans var mikil jarðhitavirkni með gufuhverum í lækjarfarvegi en lítið var um gróður (32. mynd, 25. kort). Hæruburst fannst ekki á svæðinu, þrátt fyrir ítarlega leit.

Jarðvegshiti var mældur á 13 stöðum á 10 cm dýpi og var a bilinu 7,0–78,8 °C (26,9 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 273 ha.



32. mynd. Mikil jarðhitavirkni er í gili í norðanverðum Innstadal þar sem gufuhverir eru í lækjarfarvegi. Ljósmynd. Olga Kolbrún Vilmundardóttir 5. september 2024.



25. kort. Rannsóknarsvæðið í Innstidal og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.8 Miðdalur–Fremstidalur

Miðdalur og Fremstidalur eru sunnan undir Hengli, austan við Skarðsmýrarfjall og norðan við Litla-Skarðsmýrarfjall. Berggrunnurinn samanstendur að mestu af móbergi sem finnst í Henglinum, Skarðsmýrarfjalli og Bitru. Í dalbotni liggur Hellisheiðarhraun, sem er um 5500 ára gamalt og að mestu hulið af framburði. Jarðgrunnurinn er að stórum hluta áreyrar Hengladalsár og lækja sem renna í hana, með lausum skriðum í hlíðum og leir við hverasvæði. Í Miðdal sjást framhlaup. Vatnafar er fjölbreytt, með Hengladalsá sem rennur um dalina og læki sem koma úr hlíðunum og renna í ána. Töluvert votlendi er í dalbotnum. Jarðhiti er mestur austast í Fremstadal en þar eru heit jörð með gufuaugum og leirugir vatnshverir utan í Bitruhrauninu. Í Fremstadal eru einnig gufuhituð laug og leirhverir. Miðdalur býr yfir fjölda vatnshvera, laugum, volgrum og leirugum vatnshverum, leirhverum og heitri jörð með gufuaugum. Í Þrengslum má einnig finna kolsýruhver með talsverðu kalkhrúðri. Rask er lítið, enda liggur aðeins ein slóð að svæðinu, og ummerki um mannvirkjagerð eru fá. Sauðfé gengur til beitar á svæðinu. Hæruburst var skráð í Fremstadal á einum stað í rannsókn frá 2001 (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2003) og á einum stað í Miðdal árið 2006 (Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2006).

Jarðhiti var kannaður í Miðdal, Ölkeldu í Fremstadal og í norðuausturhlíðum Fremstadals (26. kort). Í Miðdal fannst hæruburst í mýrahveravist í dalhvilftinni, móahveravist á áreyrum Hengladalsár og á raskaðri jörð á því svæði. Yfirleitt voru blettirnir fremur litlir en tegundin reyndist þó ríkjandi á um 122 m² samfelldu svæði á áreyrunum (33. mynd). Í Ölkeldu, vesturhlíðum Fremstadals, var tegundina ekki að finna. Í Fremstadal fannst hæruburst á mörgum stöðum, aðallega á heitum, leirríkum jarðvegi og í móahveravist. Tegundin óx dreift í öðrum gróðri eða myndaði smáar breiður en á nokkrum stöðum var útbreiðsla hæruburstar veruleg og þakti hún mest um 150 m² (34. mynd).

Jarðvegshiti var mældur á 52 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 5,6–85,0 °C (29,3 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 26,0 °C og hæstur 85,0 °C (47,3 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 249 ha.






33. mynd. Hæruburst var ríkjandi á yfir 100 m² svæði í móahveravist á áreyrum í Miðdal. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 17. september 2024.



34. mynd. Við gufuhverasvæði ofarlega í hlíðum í Fremstadal norðaustanverðum var hæruburst ríkjandi í þekju á um 150 m² svæði. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 17. september 2024.



○ Rannsóknarsvæði
 ▨ ▨ Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*):
◆ Til staðar
◆ Ekki til staðar

26. kort. Rannsóknarsvæðið Miðdalur-Fremstidalur og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.9 Sleggjubeinsdalur


Sleggjubeinsdalur er lítill dalur milli Húsmúla og Skarðsmýrarfjalls á Hellisheiði sem er opinn til suðvesturs (35. mynd). Frekar lítil gufu- og leirhverasvæði eru ofarlega í hlíðum dalsins en gulur brennisteinn er áberandi við hver. Samfelld, köld ummyndun finnst á nokkrum stöðum. Svæðið er við athafnasvæði Hellisheiðarvirkjunar með tilheyrandi framkvæmdum og raski á borð við borholur, borplön, vegi og lagnir. Göngu- og hjólastígur liggur upp dalinn. Jarðhitasvæðið sem hér var kannað er ofarlega í hlíðum dalsins og þar ber ekki á beinu raski. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst á svæðinu.

Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (27. kort).

Jarðvegshiti var mældur á 10 stöðum og var hann á bilinu 7,4–80,0 °C (50,2 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 27 ha.



35. mynd. Jarðhitasvæði í Sleggjubeinsdal. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 13. september 2023.



○ Rannsóknarsvæði ○ Háhitasvæði Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

27. kort. Rannsóknarsvæðið í Sleggjubeinsdal og útbreiðsla hæruburstar.

3.12.10 Hveradalir

Jarðhitasvæðið er rétt norðan við Suðurlandsveg og austan við skíðaskálann í Hveradölum. Jarðhiti er á afmörkuðu svæði á flatlendi meðfram vegslóða og í neðri hluta fjallshlíðar Reykjafjalls er veit mót suðri. Þar finnast leir- og gufuhverir og heit jörð ásamt ummyndunarskellum. Svæðið er almennt vel gróið ef frá er talið næst hverum. Áhrifa af mannavöldum gætir víða en mannvirki og rask eru nær skíðaskálanum. Fjöldi ferðamanna sækir svæðið heim og nýlega voru reistir þar upphækkaðir útsýnis- og göngupallar sem liggja þvert yfir jarðhitasvæðið. Þó eru enn merki um mikið traðk eftir ferðamenn. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst á þessu svæði.

Hæruburst fannst víða á svæðinu (28. kort), sérstaklega á heitum, leirbornum jarðvegi. Tegundin þakti mjög stórt svæði sunnan göngupallanna og myndaði 100% þekju og var algjörlega einráð (36. mynd). Svæðinu virðist hafa verið raskað nokkuð nýlega, e.t.v. við gerð göngupallanna, en hár hiti er í jarðvegi sem er mjög ummyndaður. Tegundina var einnig að finna á norðausturhluta svæðisins þar sem hún þekur heitan, þurran jarðveg og myndar nokkur samfelld vaxtarsvæði. Hæruburst óx um allt svæðið en fannst dreift innan um annan gróður á litlum blettum. Hún fannst almennt ekki á mjög rökum votlendissvæðum. Lítil hæruburstarblettur fannst einnig við nýuppkominn jarðhita mjög nálægt þjóðveginum.


Jarðvegshiti var mældur á 50 stöðum á 10 cm dýpi og var a bilinu 8,3–98,9 (54,7 °C að meðaltali) þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 41,5 °C og hæstur 98,9 °C (66,6 °C að meðaltali) (37. mynd). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 11 ha.



36. mynd. Á heitum leirríkum jarðvegi í Hveradölum náði hæruburst 100% þekju á stóru, röskuðu svæði. Öll mosapekja á myndinni er hæruburst. Ljós. Pawel Wasowicz, 14. september 2023.



37. mynd. Í Hveradölum mældist hæstur jarðvegshiti (98,9 °C á 10 cm dýpi) og þar óx einungis hæruburst. Ljósm. Pawel Wasowicz, 14. september 2023.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*): ◆ Til staðar ◆ Ekki til staðar

28. kort. Rannsóknarsvæðið í Hveradölum og útbreiðsla hæruburstar.



3.12.11 Hverahlíð

Jarðhitasvæðið í Hverahlíð er í fjallshlíðum og á hraunsléttu á Hellisheiði sunnan Hringvegar. Meginhverasvæðið er í hlíðum Norður-Hálsa norðan Skálafells. Jarðhiti er einnig á flatanum ofan heiðarbrúnar um 800 m austur af hverasvæðinu í Hverahlíð. Í Hverahlíð er jarðhiti á um 500 m löngum kafla í norðurhjala hlíðarinnar. Þar eru soðpönnur og leirhverir en nýlegar breytingar hafa orðið á jarðhita og jörð hefur hitnað á stórum svæðum. Það sama á við um jarðhitann ofan heiðarbrúnar austur af Hverahlíð en þar stíga gufur úr sprungum. Ekkert yfirborðsvatn rennur um svæðið, sem hefur orðið fyrir talsverðri röskun vegna jarðhitavinnslu, borteiga og vegslóða. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Hæruburst fannst svo gott sem á öllu rannsóknarsvæðinu í Hverahlíð þar sem jarðhiti var til staðar, einna síst á hveraleir við leirhverina í hlíðinni (29. kort). Breytingar á jarðhita á stórum svæðum við Hverahlíð hafa valdið því að stórpýft mólendi sem þarna var fyrir hefur ýmist sviðnað eða drepist inn á milli þúfna eða á samfelldum svæðum þar sem hiti er hvað hæstur (38. mynd). Hæruburst fannst ýmist dreift í dauðum eða sviðnum gróðri eða myndaði þéttar, misstórar breiður eða bletti.




38. mynd. Hæruburst myndar þéttar breiður innan um mólendisþúfur í Hverahlíð. Ljós. Rannveig Thoroddsen, 19. september 2024.

Þrjár meginbreiður var að finna innan svæðisins þar sem hann var ýmist ríkjandi í mosabekju eða myndaði samfellda þekju. Á hjalla austur af leirhvernum var hæruburstarbreiðan mest og þéttust (39. mynd). Þessar breiður þöktu samtals um 11.000 m² á rannsóknarsvæðinu í Hverahlíð.

Jarðvegshiti var mældur á 87 stöðum á 10 cm dýpi og var á bilinu 9,0–94,4 °C (60,8 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var lægstur hiti 37,7 °C og hæstur 94,4 °C (65,7 °C að meðaltali). Heildarflatarmál rannsóknarsvæðisins var um 57 ha.



39. mynd. Yfirlitsmynd yfir jarðhitasvæðið rétt við leirhverina í Hverahlíð. Svæðið hefur hitnað á síðustu árum og hæruburst, sem sést sem grágrænn, glansandi mosagróður, myndar 100% þekju á stóru svæði. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 19. september 2024.



29. kort. Rannsóknarsvæðið í Hverahlíð og útbreiðsla hæruburstar.

3.13 Brennisteinsfjöll

Brennisteinsfjöll eru fjalllendi suðvestur af Bláfjöllum á sunnanverðum Reykjanesskaga. Gígar og ummerki um eldsumbrot eru áberandi í landslagi og er svæðið mikið til þakið nútímahraunum (Helgi Torfason og Magnús Á. Sigurgeirsson 2001). Jarðhitaummerki eru á um 1 km² svæði en þar stíga gufur upp úr hraunum. Fyrrum var þar numinn brennisteinn og sjást ummerki um námuna enn á svæðinu. Að öðru leyti hefur því lítið verið raskað en þó er einhver umferð ferðamanna um svæðið. Brennisteinsfjöll voru friðlýst fyrir orkuvinnslu árið 2020 (Auglýsing nr. 433/2020, um verndarsvæði á Reykjanesskaga).

Jarðhitasvæðið var athugað ítarlega í rannsókninni. Yfirborðsummerki jarðhita eru aðallega gufur sem stíga upp úr hraunglufum (40. mynd) en við gömlu námurnar eru lítil svæði með brennisteinsútfellingum og ummyndun. Vatnshverir eru engir enda liggur grunnvatnsborð lágt. Jarðhitasvæðinu má skipta í tvennt, ofar í landinu er stærra jarðhitasvæðið sem staðsett er í apalhrauni í hlíð sem hallar til suðausturs en neðar jarðhitasvæðið við gömlu brennisteinsnámuna sem er í yngra hrauni og þar er minni jarðhitavirkni. Á efra jarðhitasvæðinu er hraun nær alveg þakið gróðri með mosum ríkjandi en á neðra svæðinu er hraunið allvel gróið gamburmosum en gamla brennisteinsnámán er fremur lítið gróin. Kaldar ummyndunarskellur er einnig að finna í nágrenni hverasvæðisins. Hæruburst fannst í Brennisteinsfjöllum árið 2006 í eða við brennisteinsnámurnar en fannst þá ekki á jarðhitasvæðinu sem er ofar í hlíðinni.




40. mynd. Jarðhitasvæði í Brennisteinsfjöllum. Ljós. Pawel Wasowicz, 11. september 2023.

Árið 2023 fannst hæruburst á vel grónum svæðum umhverfis gufuútstreymi úr hraunglufum. Tegundin óx í litlum blettum víðs vegar um svæðið (41. mynd), síst þó nálægt miðju jarðhitasvæðisins að því er virtist en allir punktar með staðfesta tilvist tegundarinnar reyndust vera nærri útmörkum jarðhitans (30. kort). Almennt óx hæruburst mjög nálægt gufuútstreymi. Mosinn fannst nánast alltaf blandaður saman við staðargróður og myndaði ekki stór samfelld svæði með mikilli þekju. Hæruburst fannst hvorki í eða við gömlu brennisteinsnámurnar né í köldum ummyndunarskellum í grennd við jarðhitasvæðið.

Jarðvegshiti var mældur á 50 stöðum og var á bilinu 9,4–69,6 °C (41,6 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 37,4–59,7 °C (47,5 °C að meðaltali). Rannsóknarsvæðið var um 83 ha að flatarmáli.



41. mynd. Í Brennisteinsfjöllum óx hæruburst í misstórum blettum (yfirleitt < 1 m²) sem dreifðust um mest allt jarðhitasvæðið ef frá er talið jarðhitasvæðið við brennisteinsnámurnar. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 11. september 2023.



30. kort. Rannsóknarsvæðið í Brennisteinsfjöllum og útbreiðsla hæruburstar.

3.14 Krýsuvík

3.14.1 Trölladyngja

Trölladyngja er móbergsfjall sem er hluti af Núpshlíðarhálsi. Jarðhiti finnst dreift um nokkuð stórt svæði. Stærsta jarðhitasvæðið er norðaustan við Trölladyngju en þar má einkum finna gufur í hrauni (42. mynd). Hraunið er að mestu þakið gróðri, einkum hraungambra, og gróðurþekja er að jafnaði mikil. Litlir, leirugir vatnshverir og gufuhverir eru í Sogum (43. mynd) en í hrauni vestan við Sogin er heit jörð með gufuúttstreymi. Á svæðinu má líka finna ummyndun sem bæði er heit og köld en langmest ber á kaldri ummyndun í Sogum. Gróður við jarðhita er breytilegur, við Trölladyngju er dæmigerð og nokkuð ríkuleg móahveravist með þykkum hraungambra, í hrauninu vestan Sogsins er gróðurþekja rýr og samanstendur einkum af mosum og grösum. Grösug mýrahveravist er við vatnshveri við Sogið en í strjálgrónum, leirbornum giljum Sogsins takmarkast jarðhitagróður við litla bletti. Við jarðhita í hrauninu við Trölladyngju finnast naðurtunga, *Ophioglossum azoricum*, og skollakambur, *Blechnum spicant*, og naðurtunga finnst einnig við vatnshveri í grösugri hlíð við Sogin. Rask á svæðinu fylgir borholum, stórum borplönum og vegum sem lagðir voru vegna borana og efnistaka er í Eldborg sem er gígur rétt norðan við Trölladyngju. Einhver umferð ferðamanna er um svæðið. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (31. kort).


Jarðvegshiti mældist á 68 stöðum á 10 cm dýpi og var hiti á bilinu 5,0–72,8 °C (31,3 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 46 ha.



42. mynd. Jarðhitasvæði norðaustan við Trölladyngju. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 14. september 2023.



43. mynd. Hverir við Sogin. Ljós. Pawel Wasowicz, 14. september 2023.



31. kort. Rannsóknarsvæðið við Trölladyngju og útbreiðsla hæruburstar.

3.14.2 Hverahlíð


Hverahlíð er lítið jarðhitasvæði rétt sunnan við Kleifarvatn á austurhluta háhitasvæðisins sem kennt er við Krýsuvík. Jarðhitasvæðið raðast eftir sömu sprungu og Austurengjahverir (sjá kafla 3.14.3) og nær hún norður í Kleifarvatn. Yfirboðsummerki jarðhita er að finna á litlu svæði vestan við skátaskála. Þarna er að finna ylvolga jörð (44. mynd), stóran leirhver í hverasprengigíg og nokkra ummyndun. Svæðið er eitthvað raskað vegna umgengni við skátaskála og umferð bifreiða að honum. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Á volgri jörðinni norður af stóra vatnshvernum var gróið, mosaríkt land á ylvolgri jörð með hveraholum sem úr barst gutlandi jarðvatn. Hér var móahveravist ríkjandi vistgerð og í henni óx m.a. jarðhitategundin naðurtunga, *O. azoricum*. Bakkar stóra leirhversins í mýrinni voru bæði brattir og háir, þar fundust ýmsar votlendistegundir en lítið var um mosa. Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (32. kort).

Jarðvegshiti var mældur á fimm stöðum og var á bilinu 18,0–30,2 °C (22,9 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 5 ha.



44. mynd. Volg jörð þakin gróðri á jarðhitasvæðinu í Hverahlíð við Kleifarvatn. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 12. september 2023.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburstar (*Campylopus introflexus*):
◆ Til staðar
◆ Ekki til staðar

32. kort. Svæði rannsakað í Hverahlíð og útbreiðsla hæruburstar.

3.14.3 Austurengjar

Jarðhitasvæðið Austurengjar er á grágrýtis- og móbergshæðum og ásum um 1,5 km austan jarðhitasvæðisins við Seltún í Krýsuvík. Yfirborðsmerki um jarðhitavirkni dreifast eftir sprungu sem nær frá Engjahver allt suður í Kleifarvatn. Frá Engjahver fylgir jarðhiti sprungunni um 500 m til norðurs og er það svæði til umfjöllunar hér þótt jarðhiti finnist einnig norðar á sprungunni (sjá kafla 3.14.2). Á svæðinu eru vatns- og leirhverir, gufuhitaðar laugar, volg jörð og ummyndun (bæði heit og köld) (45.–46. mynd). Stærstur hluti svæðisins er gróðurlítill en meðfram afrennislækjum og við vatnshverir má finna þéttan votlendisgróður. Jarðhiti er mjög afmarkaður við hverina. Á svæðinu er ekki mikið rask af manna völdum en gönguleið liggur um svæðið. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (33. kort).


Jarðvegshiti var mældur á 13 stöðum á 10 cm dýpi, hiti var á bilinu 7,7–50,0 °C (32,2 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 6 ha.



45. mynd. Ummyndað yfirborð er áberandi á jarðhitasvæði Austurengja. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 12. september 2023.



46. mynd. Engjahver er öflugur leirhver á jarðhitasvæði Austurengja sem varð til í núverandi mynd í jarðskjálfta árið 1924. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 12. september 2023.



○ Rannsóknarsvæði
 ○ Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*):
 ◆ Til staðar
 ◆ Ekki til staðar

33. kort. Rannsóknarsvæðið á jarðhitasvæði Austurengja og útbreiðsla hæruburstar.

3.14.4 Seltún


Jarðhitasvæðið við Seltún teygir sig frá flatlendinu vestan við Krýsuvíkurveg upp og yfir suðausturhlíðar Sveifluháls. Jarðhitaummyndun (bæði heit og köld) er áberandi en yfirborðsummerki jarðhita eru leirugir vatnshverir, brennisteinspúfur og heitur jarðvegur (47. mynd). Ekki er mikil gróðurþekja á virkasta hluta svæðisins en litlir gróðurblettir finnast að mestu meðfram afrennislækjum frá hverum. Ofar í hlíðum Sveifluháls má finna víðfeðmt svæði með heitum jarðvegi sem eru nær algróin og í þeim finnst naðurtunga. Einnig má finna votlendissvæði í hlíðum með heitum jarðvegi og í afrennislæk má finna laugadeplu. Svæðið er nokkuð raskað en þá einkum á neðri hluta þess nær veginum. Raskið er mest í nánd við borholur, vegi- og bílastæði, göngustíga og palla, sem og í nágrenni bygginga á svæðinu. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst á svæðinu.

Hæruburst fannst ekki á svæðinu þrátt fyrir ítarlega leit (34. kort).

Jarðvegshiti var mældur á 30 stöðum á 10 cm dýpi og var hiti á bilinu 6,7–95,6 °C (36,9 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 38 ha.



47. mynd. Jarðhitasvæðið við Seltún. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 12. september 2023.



3.14.5 Krýsuvík

Svæðið sem við kennum hér við Krýsuvík liggur að mestu leyti í hlíðum Sveifluháls norðan við bæinn. Jarðhiti er þarna mestur í svokallaðri Baðstofu en ummerki um jarðhitavirkni má líka finna í sunnar í hlíðum Sveifluháls beggja vegna við hálsinn. Ummyndun (bæði heit og köld), brennisteinsþúfur, leirugir vatnshverir, gufuhverir og heitur jarðvegur eru meðal algengustu yfirborðsummerkja jarðhita á svæðinu. Svæðið er víða strjálgróið og myndar gróður einna helst bletti í jaðri jarðhitavirkra svæða og meðfram afrennislækjum og finnst jarðhitategundin naðurtunga á svæðinu. Á svæðinu í heild er rask ekki mikið en þó má finna nokkurt rask af mannavöldum í Baðstofu þar sem eru nokkrar borholur, auk malarvegar sem liggur að neðri hluta Baðstofu. Sauðfjárbættir eru vestan Sveifluháls. Engar fyrri heimildir voru til um hæruburst frá þessu svæði.

Mjög ítarleg leit var gerð að hæruburst við jarðhita innan svæðisins (35. kort). Hæruburst fannst aðeins á einum stað efst í jaðrinum á stórri ummyndunarskellu í hlíðinni rétt ofan Krýsuvíkurbæinn (48. og 49. mynd). Þar fannst tegundin í mjög litlu magni á einum 30 × 30 cm bletti. Hitastig jarðvegs mældist 19,0 °C.


Á svæðinu í heild var jarðvegshiti mældur á 49 stöðum á 10 cm dýpi og hiti á bilinu 5,6–98,5 °C (42,6 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 79 ha.



48. mynd. Heit ummyndunarskella í hlíð við Krýsuvík en þetta var eini fundarstaður hæruburstar á öllu jarðhitasvæðinu sem kennt er við Krýsuvík. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 12. september 2023.



49. mynd. Vaxtastaður hæruburstar við Krýsuvík. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 12. september 2023.



35. kort. Rannsóknarsvæðið við Krýsuvík og útbreiðsla hæruburstar.

3.15 Svartsengi–Eldvörp

3.15.1 Svartsengi

Svæðið er norðan við Þorbjörn og vestan Sýlingafells, á flatlendi sem þakið er hrauni frá 13. öld. Jarðhitavirkni er báðum megin við Grindavíkurveg. Varma- og raforkuver er starfsrækt vestan Grindavíkurvegar með tilheyrandi raski í formi vegslóða, borhola og lagna. Vestan við veginn á athafnasvæði varmaorkuvers er hægt að finna gufur sem streyma upp úr hrauninu sem töluvert hefur verið raskað. Heit jörð er í hlíðarfótum Sýlingafells austan vegar og hitur á takmörkuðu svæði á hrauni á flatlendi við fellið. Köld ummyndun er í hlíðum Sýlingafells. Á hrauninu er hraungambri ríkjandi í gróðri en heitur jarðvegur er að mestu þakinn þéttum mosagróðri og ýmsum æðplöntutegundum (50. mynd). Lúpína er á svæðinu beggja vegna vegarins og húsapunktur undir Sýlingafelli. Hæruburst fannst við Svartsengi árið 2006 í jaðri raskaða hraunsins nær orkuverinu en ekki liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um útbreiðslu tegundarinnar á svæðinu.

Leitað var á öllu svæðinu beggja vegna vegarins en mosinn fannst aðeins í vesturhlutanum. Hæruburst er þar á 150 m löngu og 1–5 m breiðu svæði á mörkum hraunsins og borplansins (51. mynd, 36. kort). Þarna kemur gufa upp úr hrauninu sem skapar heitt og rakt umhverfi sem virðist vera ákjósanlegt fyrir tegundina. Grómyndun var mikill alls staðar.




50. mynd. Jarðhitasvæðið í Svartsengi: ylvog jörð, algróin vestan við Grindavíkurveg. Lítið ber á gufuústreymi í hrauninu umhverfis borplanið við Svartsengisvirkjun. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 13. september 2023.

Jarðvegshiti var mældur á 13 stöðum á 10 cm dýpi með hitastig á bilinu 15,10–96,5 °C (40,9 °C að meðaltali). Þar sem mosinn fannst var hiti á bilinu 29,60–52,7 °C (40,6 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 68 ha.



51. mynd. Hæruburst á borplaninu við Svartsengisvirkjun. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 13. september 2023.



36. kort. Rannsóknarsvæðið í Svartsengi og útbreiðsla hæruburstar.

3.15.2 Eldvörp


Í hrauninu vestan Þorbjarnarfells liggur gígaröð frá 13. öld sem nefnd er Eldvörp. Gígar mynda línu meðfram gossprungunni og eru umkringdir hrauni frá gosinu. Jarðhitavirknin er í og við tvo gíga (52. mynd). Þar stíga gufur upp úr hrauninu og litlir blettir með heitum, leirkenndum jarðvegi finnast, sérstaklega í gígnum og utan í þeim. Svæðið einkennist af mosagróðri en jarðhitasvæðið hýsir einnig smærri og stærri gróðurbletti þar sem æðplöntur eru ríkjandi. Naðurtunga vex á heitum jarðvegi utan í gígnum og hér og hvar við jarðhita í hraunbreiðunni í kring. Þótt hraunið og gígaröðin séu að mestu ósnortin er mesta raskið í kringum jarðhitasvæðið en borhola og borplan er aðeins 100 metrum norðvestur frá stærri gígnum og því liggur þangað vegur sem lagður var við gerð borholunnar. Ferðamenn nýta sér veginn og sækja svæðið heim, strjálungur er af gangandi ferðalöngum en þjóðleið liggur með Eldvarpagígaröðinni, en nýjasti ferðamátinn virtist þó vera með þyrilu. Hæruburst fannst við rannsóknir á svæðinu við jarðhita í hrauninu austan stærri gígsins árið 2006. Ekki liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um útbreiðslu tegundarinnar á svæðinu.

Við rannsóknina kom í ljós að hæruburst hefur þegar dreift sér um allt jarðhitasvæðið. Tegundin var skráð á norðurhluta svæðisins, nálægt og í kringum borplanið. Hún var ein af ríkjandi tegundum á mörkum hraunsins og borplans víðast hvar þar sem gufa stígur upp úr hrauninu. Einnig fannst mikið af hæruburst í hrauninu umhverfis báða gígana. Mosinn fylgdi dreifingu gufuúttstreymis í hrauninu en hann óx sömuleiðis á hraunhellum þar sem undirlagið var heitt (53. mynd). Á slíkum stöðum gat tegundin myndað miklar breiður. Í apalhrauninu myndaði mosinn yfirleitt smáa eða stærri bletti, en hann var ekki að ná yfirráðum líkt og á heitu helluhrauninu sem lýst er hér að ofan (54. mynd). Mest var um hæruburst í austurhluta jarðhitasvæðisins á þeim slóðum sem tegundin var skráð árið 2006 (37. kort).




52. mynd. Horft frá jaðri jarðhitasvæðisins í Eldvörpum í átt að stóra gígnum (til hægri) og borplani (til vinstri). Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 13. september 2023.


Jarðvegshiti var mældur á 31 stað, með hitastig á bilinu 9,3–72,5 °C (39,2 °C að meðaltali). Hitastig þar sem mosinn fannst var á bilinu 9,3–72,5 °C (40,3 °C að meðaltali). Heildarflatarmál athugunarsvæðisins var um 6 ha.



53. mynd. Hæruburst (svartir og gráir blettir) á helluhrauni í Eldvörpum. Ljós. Pawel Wasowicz, 13. september 2023.



54. mynd. Hraungambri, *Racomitrium lanuginosum*, er ríkjandi mosategund í hrauninu við Eldvörp. Hér hefur brot úr mosabekju hæruburstar borist inn á nærliggjandi gamburmosabembu (dökkur blettur í miðjunni) á hrauninu. Ljós. Olga Kolbrún Vilmundardóttir, 13. september 2023.



 Rannsóknarsvæði
 Háhitasvæði
 Hæruburst (*Campylopus introflexus*):
◆ Til staðar
◆ Ekki til staðar

37. kort. Rannsóknarsvæðið í Eldvörpum og útbreiðsla hæruburstar.

3.16 Reykjanes

